

Knattspyrnusamband Íslands



2016

**71. ársþing KSÍ
Skýrslur nefnda**

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Stjórn og nefndir KSÍ	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla	5
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla.....	7
Skýrsla unglínganefndar karla	9
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna	11
Skýrsla unglínganefndar kvenna	13
Árangur landsliða Íslands á árinu 2016	15
Skýrsla mótanefndar	23
Skýrsla dómarnefndar.....	30
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar	38
Skýrsla háttvísinefndar.....	39
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar	40
Skýrsla fræðslunefndar	42
Skýrsla útbreiðslunefndar	46
Skýrsla hæfileikanefndar	53
Skýrsla mannvirkjanefndar	54
Heiðursviðurkenningar	55

Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá í skýrslu stjórnar og á vef KSÍ undir
www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/

Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/landslid/landsleikir/

Yfirlit þeirra landsliðsmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn (ársþing)

Geir Þorsteinsson	formaður
Guðrún Inga Sívertsen	varaformaður
Gylfi Þór Orrason	gjaldkeri
Gísli Gíslason	ritari
Jóhannes Ólafsson	
Róbert B. Agnarsson	
Rúnar V. Arnarson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Vignir Már Þormóðsson	

Varastjórn (ársþing)

Kristinn Jakobsson
Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason

Landshlutafulltrúar (ársþing)

Magnús Ásgrímsson	Austurland
Björn Friðþjófsson	Norðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland

Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	formaður
Gísli Gíslason	
Guðrún Inga Sívertsen	
Gylfi Þór Orrason	
Róbert B. Agnarsson	

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	
Ingvar Sverrisson	
Klara Bjartmarz	
Ómar Einarsson	

Dómaranefnd

Kristinn Jakobsson	formaður
Bragi Bergmann	
Einar Sigurðsson	
Gísli Björgvinsson	
Gísli Gíslason	
Jón Sigurjónsson	
Magnús Þórisson	
Viðar Helgason	
Þórarinn Gunnarsson	

Fjárhagsnefnd

Gylfi Þór Orrason	formaður
Eggert Steingrímsson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Rúnar Arnarson	

Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Guðni Kjartansson	
Gylfi Þór Orrason	
Hjördís Baldursdóttir	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Sigurður Sighvatsson	
Sigvaldi Einarsson	
Örn Ólafsson	

Laga- og leikreglnanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Guðmundur H. Pétursson	
Guðrún Inga Sívertsen	

Landsliðsnefnd karla

Rúnar Arnarson	formaður
Jóhannes Ólafsson	
Magnús Gylfason	
Róbert Agnarsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen	formaður
Arna Steinsen	
Erla Hendriksdóttir	
Íris Sæmundsdóttir	
Laufey Sigurðardóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

Landsliðsnefnd U21 karla

Vignir Þormóðsson	formaður
Einar Kristján Jónsson	
Gísli Gíslason	
Jónas Þórhallsson	
Steinn Halldórsson	

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Jóhann Torfason	formaður
Gunnar Gunnarsson	
Ingvar Guðjónsson	
Magnús Brandsson	
Ómar B. Stefánsson	
Þórarinn Gunnarsson	
Þórður Lárusson	

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Hanna Dóra Markúsdóttir	
Jakob Skúlason	
Sigríður Pálsdóttir	
Sigrún Ríkharðsdóttir	
Tómas Þóroddsson	
Viggó Magnússon	

Mannvirkjanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Bjarni Þór Hannesson	
Jón Runólfsson	
Margrét Leifsdóttir	
Kristján Ásgeirsson	
Rúnar Arnarson	
Þorbergur Karlsson	

Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson	formaður
Atli Þórsson	
Björn Friðþjófsson	
Ingvar Guðjónsson	
Katla Guðjónsdóttir	
Magnús Ásgrímsson	
Sæmundur Friðjónsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

Samninga- og félagaskiptanefnd

Jóhannes Ólafsson formaður
Stefán Geir Þórisson
Örn Gunnarsson
Gísli Hall (til vara)
Guðmundur H. Pétursson (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)

Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson formaður
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Magnús Ásgrímsson
Tómas Þóroddsson
Vigfús Örn Gíslason (til vara)
Ómar B. Stefánsson (til vara)
Bjarni Ólafur Birkisson (til vara)
Trausti Hjaltason (til vara)

Hæfileikanefnd

Ingvar Guðjónsson formaður
Einar Hermannsson
Hjördís Baldursdóttir
Jóhann Torfason
Ótthar S. Edvardsson
Pétur Ólafsson
Unnsteinn Jónsson
Þorsteinn Hilmarsson

Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson formaður
Einar Jónsson
Friðrik Ellert Jónsson
Gauti Laxdal
Hjalti Kristjánsson
Hjörtur Þór Hauksson
Stefán Stefánsson
Guðrún Sigurðardóttir
Sveinbjörn Brandsson

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvinsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Helga Friðriksdóttir
Hörður Guðbjörnsson
Kristín Arnþórsdóttir
Pétur Magnússon

Framkvæmdanefnd NM U17 karla 2017

Ingvar Guðjónsson formaður
Gylfi Þór Orrason
Jóhann Torfason
Tómas Þóroddsson
Þórarinn Gunnarsson

Starfshópur um afreksstefnu KSÍ

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Arnar Bill Gunnarsson
Freyr Alexandersson
Heimir Hallgrímsson
Ragnhildur Skúladóttir

Starfshópur um samninga- og félagaskiptamál

Jóhannes Ólafsson formaður
Örn Gunnarsson
Ingi Sigurðsson
Jónas Halldór Friðriksson
Þórir Hákonarson

Siðanefnd (ársþing) til 2018

Albert Eymundsson formaður
Eiríkur Björgvinsson
Kristrún Heimisdóttir
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
Helgi Þorvaldsson (til vara)
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing) til 2017

Gunnar Guðmundsson formaður
Halldór Frímannsson varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður
Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Þróstur Ríkharðsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)

Sigurður G. Guðjónsson forseti
Guðmundur Pétursson
Lúðvík Örn Steinarsson
Brynjar Níelsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)
Kolbeinn Árnason (til vara)

Leyfisdomur KSÍ (ársþing) til 2017

Heimir Örn Herbertsson formaður
Jón Gunnlaugsson
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason

Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2017

Lúðvík S. Georgsson formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Stefán Orri Ólafsson

Kjörnefnd (ársþing)

Steinn Halldórsson formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Jónas Gestur Jónasson

Kjörnir skoðunarmenn (ársþing)

Dýri Guðmundsson
Haukur Gunnarsson
Elías Hergeirsson (til vara)
Þór Símon Ragnarsson (til vara)

Kjörinn endurskoðandi (ársþing)

Björn Ingi Victorsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Árið 2016 var án efa viðburðaríksta og stærsta ár í sögu landsliðsins. Liðið tók í fyrsta sinn þátt í lokakeppni stórmóts og hefur aldrei leikið fleiri landsleiki á einu ári eða 17 alls.

Í landsliðsnefnd sátu Rúnar V. Arnarson, formaður, Jóhannes Ólafsson, Róbert Agnarsson og Magnús Gylfason. Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck voru þjálfarar liðins fram yfir Evrópumótið en þá tók Heimir einn við liðinu með Helga Kolviðsson sem aðstoðarþjálfara. Guðmundur Hreiðarsson var markvarðþjálfari og Sebastian Boxleitner kom inn í þjálfarateymið um haustið sem styrktar- og þolþjálfari. Liðið býr að því að hafa gott starfslíð, læknar á árinu voru Haukur Björnsson, Reynir Björnsson og Sveinbjörn Brandsson. Sjúkraþjálfarar Friðrik Ellert Jónsson, Pétur Örn Gunnarsson, Stefán H. Stefánsson og Rúnar Pálmarsson, Búningastjórar voru Kristinn V Jóhannsson og Sigurður Sveinn Þórðarson, matreiðslumenn Einar Valur Árnason og Hinrik Guðbjargarson, fjölmiðlafulltrúar Hilmar Þór Guðmundsson, Ómar Smáráson og Óskar Guðbrandsson, öryggisfulltrúi Víðir Reynisson og þá var Þorgrímur Þráinsson starfsmaður liðsins. Gunnar Gylfason var liðsstjóri og þá vann Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ náið með liðinu og hafði yfirumsjón með starfi þess.

Vínáttuleikir fram að Evrópumótinu.

Liðið lét sjö leiki um veturinn og vorið í undirbúningnum fyrir Evrópumótið í Frakklandi sem hófst í júní.

Fyrstu leikirnir voru í janúar og fóru fram í Abu Dhabi og Dubai. Fyrri leikurinn var gegn Fínum og vannst hann 0-1 með marki Arnórs Ingva Traustasonar í fyrri hálfleik.

Þremur dögum síðar var spilað við heimamenn í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Viðar Örn Kjartansson kom íslenska liðinu yfir eftir 14. mínútur en heimamenn jöfnuðu skömmu síðar og skorðu svo sigurmarkið í byrjun síðari hálfleiks.

Í byrjun febrúar var leikið gegn Bandaríkjamönnum í Los Angeles. Kristinn Steindórsson kom íslenska liðinu yfir eftir 13. mínútur en Bandaríkjamenn jöfnuðu skömmu síðar. Aron Sigurðarson kom svo íslenska liðinu aftur yfir í byrjun síðari hálfleiks en aftur jöfnuðu heimamenn sem skorðu svo sigurmark sitt á lokamínútu venjulegs leiktíma og unnu 3-2 sigur.

Næstu verkefni voru á alþjóðlegu leikdögnum í mars. Fyrst var leikið gegn Dönnum í Herning á Jótlandi. Danir komust í 2-0 með tveimur mörkum með skömmu millibili í byrjun síðari hálfleiks en Arnór Ingvi minkaði muninn með marki rétt fyrir leikslok og niðurstaðan 2-1 fyrir Dani og því lengist enn í fyrsta sigurinn á þeim.

Fimm dögum síðar var leikið gegn Grikkjum í Apenu. Grikkir komust í 2-0 á fyrsta hálfleiknum en Arnór Ingvi var enn á ferðinni þegar hann minkaði muninn á 31. mínútu. Sverrir Ingi Ingason jafnaði leikinn á 70. mínútu og Kolbeinn Sigbórsson skoraði sigurmarkið 12 mínútum síðar. Góður 2-3 sigur í höfn.

Hópurinn fyrir lokakeppnina í Frakklandi var tilkynntur 9. maí og spilaði liðið tvo leiki í lokaundirbúningnum. Sá fyrri var gegn Norðmönnum í Osló. Norðmenn skorðu strax á fyrstu mínútu leiksins en Sverrir Ingi jafnaði um miðjan hálfleikin. Norðmenn skorðu aftur rétt fyrir hlé og bættu svo þriðja markinu við þegar síðari hálfleikur var hálfnaður. Gylfi Þór Sigurðsson minkaði muninn 10 mínútum fyrir leikslok og þar við sat.

Undirbúningnum fyrir EM lauk svo þegar Liechtenstein kom í heimsókn á Laugardalsvöllinn. Kolbeinn Sigbórsson, Birkir Már Sævarsson og Alfreð Finnbogason skorðu í fyrri hálfleik og Eiður Smári Guðjohnsen skoraði loka mark leiksins í þeim síðari og 4-0 sigur varð niðurstaðan.

Evrópumótið í Frakklandi.

Liðið hélt til Frakklands 7. júní og hafði aðsetur í borginni Annecy við rætur Alpafjalla á meðan mótinu stóð. Liðið var í F riðli með Austurríki, Portúgal og Ungverjalandi.

Fyrsti leikurinn var gegn Portúgal í Saint Etienne. Portúgalar komust yfir á 20. mínútu leiksins og voru yfir í hálfleik en Birkir Bjarnason jafnaði leikinn á 50. mínútu og þar við sat. Í hinum leik riðilsins unnu Ungverjar Austurríkismenn 2-0.

Annar leikurinn var gegn Ungverjum í Marseille. Gylfi Þór kom íslenska liðinu yfir með marki úr vítaspyrnu á 40. mínútu og var íslenska liðið með forystu þar til á 88. mínútu er Ungverjar jöfnuðu á sjálfsmarki og annað 1-1 jafntefli var niðurstaðan. Í hinum leiknum gerðu Austurríkismenn og Portúgalir 0-0 jafntefli.

Þriðji leikurinn var gegn Austurríki í Saint Denis. Jón Daði Böðvarsson skoraði fyrir Ísland á 18. mínútu en Austurríkismenn jöfnuðu á þeirri 60. Þannig stóð þar til á fjórðu mínútu í uppbótartíma þegar Arnór Ingvi skoraði sigurmark Íslands og tryggði annað sætið í riðlinum og sæti í 16 liða úrslitum keppinnar. Í hinum leiknum gerðu Portúgalir og Ungverjar 3-3 jafntefli. Ungverjar unnu riðilinn á hagstæðari markatölu en Ísland en bæði liðin hlutu 5 stig, Portúgal fékk 3 stig og Austurríkismenn 1.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

Mótherjarnir í 16 liða úrslitum voru Englendingar og var leikið í Nice. Englendingar komust yfir á 4. mínútu með marki úr vítaspyrnu en Ragnar Sigurðsson jafnaði tveimur mínútum síðar. Kolbeinn Sigbórsson skoraði annað mark Íslands á 18. mínútu og það reyndist vera sigurmarkið og íslenska liðið komið í 8 liða úrslit.

Heimamenn Frakkar voru andstæðingar okkar í fjórðungsúrslitunum og fór leikurinn fram á Stade de France í Saint Denis. Frakkar skorðu fjögur mörk í fyrri hálfleik og komu sér í þægilega stöðu. Kolbeinn minnkaði muninn í 4-1 á 56. mínútu en Frakkar bættu við marki stuttu síðar. Birkir Bjarnason skoraði síðasta mark leiksins skömmu fyrir leiklok og niðurstaðan 5-2 sigur Frakka og íslenska liðið úr leik.

Undankeppni HM 2018

Ísland dróst í sterkan riðil í undankeppni HM í Rússlandi 2018. Króatar, Tyrkir, Úkraínnumenn, Finnar og Kósóvar eru ásamt Íslandi í I riðili.

Fyrsti leikur Íslands var í Kænugarði í byrjun september. Alfreð Finnbogason skoraði og kom Íslandi yfir strax á 6. mínútu en heimamenn jöfnðu stuttu fyrir hlé. Ekkert mark var skorað í síðari hálfleik og 1-1 jafntefli niðurstaðan. Annar leikurinn var gegn Finnum á Laugardalsvelli í byrjun október. Finnar skorðuð fyrsta mark leiksins á 21. mínútu en Kári jafnaði á þeirri 37. Finnar skorðuðu aftur tveimur mínútum eftir það og voru yfir í hálfleik og alveg þangað til í uppbótartíma síðari hálfleiks þegar Alfreð jafnaði og Ragnar skoraði svo sigurmarkið á sjöttu mínútu í uppbótartímanum og tryggði 3-2 sigur.

Tyrkir mættu í Laugardalinn þremur dögum síðar og vann íslenska liðið 2-0 sigur með mörkum frá Alfreð og sjálfsmarki Tyrkja í fyrri hálfleik.

Fjórði leikurinn var gegn Króötum í Zagreb í nóvember. Króatar skorðu á 15. mínútu og svo aftur í uppbótartíma síðari hálfleiks og unnu 2-0 sigur. Þegar fjórum umferðum er lokið í riðlinum eru Króatar efstir með 10 stig, Úkraínnumenn eru með 8, Ísland 7, Tyrkir 5 og Finnar og Kósóvar með 1 stig hvor þjóð.

Vináttulandsleikur.

Síðasti landsleikur ársins og sá 17. var gegn Möltu í nóvember í Ta'Quali. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoraði Arnór Ingvi í byrjun þess síðari og Sverrir Ingi bætti við marki þegar stundarfjórðungur var til leikloka og 0-2 sigur góður endir á árinu.

Samantekt.

Íslenskt A landslið hefur aldrei leikið fleiri landsleiki á einu ári en karlalandsliðið lék á árinu 2016 eða 17 leiki, 9 mótssleiki og 8 vináttuleiki. Liðið vann 8 þessara leikja, gerði 3 jafntefli en tapaði 6. Ragnar Sigurðsson lék 15 af þessum 17 leikjum og hefur enginn íslenskur landsliðsmaður leikið svo marga A landsleiki á einu ári. Jóhann Berg Guðmundson lék í 14 þessara leikja.

Tímamótaleikir voru margir, en þrír leikmenn, Birkir Bjarnason, Kári Árnason og Jóhann Berg Guðmundsson, léku sinn 50. landsleik á móti Austurríki. Jón Daði Böðvarsson lék sinn 25. leik gegn Englendingum og Theódór Elmar Bjarnason gegn Grikkjum.

Arnór Ingvi Traustason var markahæsti leikmaður liðsins á árinu með 5 mörk og Alfreð Finnbogason og Kolbeinn Sigbórsson gerðu 4 mörk hvor. Alls skorðu 14 leikmenn mark eða mörk fyrir liðið.

Lokaorð.

Árangur og frammistaða landsliðsins á árinu 2016 mun seint líða úr minni. Þar stendur að sjálfsögðu uppúr frammistaðan á Evrópumótinu í Frakklandi og leikirnir þar. Liðið og stuðningsmenn þess unnu vöktu heimsathygli sem á sér engan líka í íþróttasögu Íslendinga.

Undankeppninn fyrir HM í Rússlandi fór svo ágætlega af stað og liðið á vænlegum stað í sínum riðili til að gera atlögu að sæti í úrslitakeppninni.

Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum liðsins og landsliðsnefnd fyrir samstarfið á árinu 2016 og stuðningsmönnum landsliðsins fyrir ótrúlegan stuðning á árinu.

Rúnar V. Arnarson, formaður

Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson formaður, Gísli Gíslason, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Einar Jónsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, markmannþjálfari Þórður Þórðarson, læknar voru Hjalti Kristjánsson og Rólfant Dahl Christiansen, sjúkráþjálfari Róbert Magnússon og liðstjóri Lúðvík Jónsson.

Æfingaleikur gegn Katar í Tyrklandi

Katar bauð U21 landsliðinu að leika gegn U23 landsliði Katar í Tyrklandi 6. janúar og bauðst Katar til að greiða allan kostnað við leikinn. Erfitt var að fá flug á þessum tíma og var farið í tveimur hópum til Frankfurt en þaðan fór svo allur hópurinn til Tyrklands. Þann 5. janúar bárust skilaboð frá sendinefnd Katar um að liðið væri á heimleið og var ástæðan slæmt veður í Tyrklandi. Lið Katar kom til Tyrklands 28. desember og hafði því dvalið í landinu í rúma viku þegar þarna var komið. Ekkert varð því úr kærkomnum æfingaleik en samt sem áður mjög dýrmætur tími sem var notaður til æfinga við góðar aðstæður og æfði liðið tvisvar á dag fram að brottför 7. janúar.

Undankeppni EM 15/17

Liðið lék fimm leiki í undankeppni EM á árinu gegn Makedóníu, Frakklandi og N-Írlandi ytra og gegn Skotlandi á Víkingsvelli og Úkraínu á Laugardalsvelli.

Leikið var gegn Makedóníu 24. mars á FFM Training Center við við hliðina á höfuðstöðvum makedóníska sambandsins. Leikurinn endaði 0-0 en jafnræði var með liðunum þó Makedónía væri heldur meira með boltann í leiknum.

Næsti leikur liðsins var gegn N-Írlandi 2. september og var leikið á heimavelli Glenavon Mourneview Park. Eins og í fyrri leikjum voru andstæðingarnir meira með boltan án þess að skapa sér teljandi marktækifæri. Þrátt fyrir að N-Írland væri í neðsta sæti riðilsins voru þeir margoft búnir að sýna að þeir væru sýnd veiði en ekki gefin og oft ekki fengið mark á sig fyrr en á síðustu mínútunum. Þetta vissi íslenska liðið og voru menn mjög agaðir og þolinmóðir í leiknum. Fór svo að Heiðar Ægisson skoraði eina mark leiksins á 87. mínútu, 0-1 lokastaða fyrir Ísland.

Farið var frá N-Írlandi til Caen í Frakklandi og leikið þar gegn Frökkum á Stade d'Omano 6. september. Strákarnir sáu aldrei til sólar gegn geysi sterku liði Frakka og bjargaði Rúnar Alex markmaður því sem bjargað varð í leiknum sem endaði 2-0 fyrir Frakka sem skoruðu mörkin í sitt hvorum hálfleiknum.

Fjórði og næst síðasti leikurinn var gegn Skotum á Víkingsvelli 5. október. Leikurinn átti upprunalega að fara fram á Grindavíkuvelli en rétt þótti að færa leikinn á Víkingsvöll ef veðurskilyrði yrðu slæm. Þar sem Skotarnir höfðu ekki að neinu að keppa voru þeir farnir að horfa til næstu keppni og mættu með gjörbreytt og mun yngri lið til Íslands. Leikurinn fór fram í roki og grenjandi rigningu, svo mikill var veðurofsinn að á tímabili leit út fyrir að leiknum yrði frestað þess vegna. Þrátt fyrir þetta slæma veður lék íslenska liðið vel. Strákarnir léku undan vindinum í fyrri hálfleik en náðu ekki að nýta sér aðstæðurnar. Síðari hálfleikur var aftur á móti ekki nema tveggja mínútna gamall þegar Aron Elís Þrándarson skoraði á sínum gamla heimavelli. Skotarnir fengu síðan vítaspyrnu á 51. mínútu þegar Rúnar Alex markvörður braut af sér inni í teig. Rúnar Alex varði aftur á móti vítaspyrnuna með glæsibrag og síðan tryggði Elías Már sigur Íslands með frábæru skoti úr teignum á 66. mínútu, 2-0 fyrir Ísland og liðið komið á topp riðilsins fyrir síðasta leikinn.

Síðasti leikur riðlakeppinnar var gegn Úkraínu. Leikurinn átti upprunalega að fara fram á Akranesi 11. október en var færður á Laugardalsvöll vegna reglna UEFA um að síðasta umferð yrði öll leikinn á sama tíma ef viðkomandi leikir hefðu áhrif á lokastöðu riðilsins, leikurinn fór því fram líkt og aðrir leikir í riðlinum kl. 18.45 í flóðljósunum á Laugardagsvelli. Það var ljóst fyrir leikinn að ynnist hann þá var sæti í lokakeppninni tryggt. Íslenska liðið byrjaði leikinn betur og var meira með boltann og fór svo að Daníel Leó Grétarsson skoraði fyrir Ísland á 22. mínútu. Við markið eflidust Úkraínumenn á sama tíma og íslenska strákarnir duttu aðeins til baka. Úkraína náði samt ekki að skapa sér nein færi í fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik skiptust bæði lið á að sækja og eftir aukspyrnu Úkraínumanna á 56. mínútu utan af kanti sem ekki tókst að hreinsa betur í burtu en svo að hún barst aftur til baka til leikmannsins sem tók aukaspýrnuna, sá þakkaði pent fyrir og skoraði. Eftir jöfnunarmarkið þurftu íslensku strákarnir að skora til að tryggja sig í lokakeppnina og sóttu því stift sem bauð Úkraínu upp á skyndisóknir og skoruðu þeir úr einni slíkri á 75. mínútu. Það lá því fyrir að skora þyrfti 2 mörk til að fara áfram. Strákarnir lögðu nú allt sóknina og náði Elías Már Ómarsson jöfnunarmarki en ekki fyrr en á 88. mínútu. Það var stutt til leiksloka og bar kappið menn

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

ofurliði það sem eftir lifði leiks. Leikmenn gleymdu sér í varnarleiknum og fékk liðið á sig tvö mörk á 90. og 94. mínútu og draumurinn um að komast á lokakeppnina í Póllandi var úti.

Leikmenn

Alls tóku tuttugu og fjórir leikmenn þátt í mótsleikjunum fimm á árinu. Rúnar Alex Rúnarsson, Adam Örn Arnarsson, Orri Sigurður Ómarsson, Hjörtur Hermannsson, Böðvar Böðvarsson, Elías Már Ómarsson og Aron Elís Þrándarson náðu að vera í byrjunarliði alla mótsleiki ársins. Oliver Sigurjónsson var fyrirliði en þegar hann meiddist tók Hjörtur Hermannsson við fyrirliðabandinu.

Lokaorð

Sæti í lokakeppninni í Póllandi sumarið 2017 var takmark liðsins en í annað sinn á tveimur árum misstum við af því gullna tækifæri á okkar heimavelli. Það að hafa möguleika á því í síðasta leik í gríðalega sterkum riðli er í sjálfu sér góður árangur en öllum þyrsti í að fara alla leið og voru því vonbrigðin mikil. Það ber að hrósa sérstaklega samstígum hóp leikmanna, þjálfara og starfsmanna fyrir vel unnin störf í þessari undankeppni. Nú á nýju ári hefst nýtt mót, dregið verður í riðla í janúar, æfingar eru þegar hafnar og vonandi tekst okkur að semja um tvo æfingaleiki áður en liðið hefur leik í undankeppninni. Líkt og áður í upphafi undankeppninnar reynir mikið á þjálfara liðsins að púsla saman nýju liði á skömmum tíma. Frábær árangur A-landsliðs karla á EM í sumar á að vera okkur öllum hvatning til að hlúa enn betur að knattspyrnustarfinu í landinu, þar á meðal auðvitað yngri landsliðunum, veita þeim þá umgjörð og verkefni sem þarf til að ná árangri og vera áfram samkeppnishæf við bestu fótboltaþjóðir Evrópu, því með öflugri uppbyggingu þeirra og góðum árangri U-21 landsliðsins aukast líkurnar á góðu A-landsliði, núverandi A-landslið er lifandi dæmi þess.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, leikmönnum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhann Torfason, formaður, Gunnar Gunnarsson, Ingvar Guðjónsson, Ómar Bragi Stefánsson, Magnús Brandsson, Þórarinn Dúi Gunnarsson og Þórður Georg Lárusson. Starfsmenn nefndarinnar voru Gunnar Gylfason og Gunný Gunnlaugsdóttir.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Halldór Björnsson var þjálfari U17 landsliðsins og Þorvaldur Örlygsson þjálfari U19 landsliðsins. Freyr Sverrisson hafði áfram umsjón með verkefnum U16 og U15, úrtökumóti og knattspyrnskólanum. Dean Martin var aðstoðarþjálfari U19, liðsstjórar liðanna voru Gunnlaugur Hreinsson hjá U17 og Þuríður Guðnadóttir hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru Kristján Hauksson, Þorsteinn Jóhannesson, Viktor Sigurðsson og Sigurrós Jónsdóttir og sjúkráþjálfarar Halldór Svavar Sigurðsson, Róbert Henn og Trausti Sigurberg Hrafnsson.

U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 1999 og síðar

Liðið komst áfram í milliriðil Evrópumótsins og leikið var í Frakklandi. Til undirbúnings voru leiknir tveir vináttulandsleikir gegn Skotum í Skotlandi í lok febrúar. Fyrri leikinn unnu Skotar 2-1 og skoraði Stefán Ljubicic mark Ísland en seinni leikinn unnu okkar menn 0-1 með marki Ísaks Atla Kristjánssonar.

Milliriðill EM

Milliriðillinn var leikinn í og greind við Bordeaux og auk heimamanna og Íslands voru Austurríki og Grikkland í riðlinum. Fyrsti leikurinn var gegn Austurríki og lauk honum með markalausum jafntefli. Annar leikurinn var gegn Rússum sem unnu 1-0 sigur með marki fjótlega í seinni hálfleik Þriðji leikurinn sem var gegn Grikklandi og sá leikur vannst 0-1 með marki Helga Guðjónssonar. Frakkar unnu riðilinn með 6 stig, Austríkismenn hlutu 5, Ísland 4 og Grikkir 1 stig. Austurríkismenn og Frakkar komust því áfram í úrslitakeppnina sem leikin var í Aserbajjan.

U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 2000 og síðar

Dagskrá þessa liðs var með hefðbundnu sniði, undirbúningsmót UEFA í apríl, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

Undirbúningsmót í Finnlandi

Auk heimamanna tóku Rússar og Svíar þátt í mótinu. Fyrsti leikurinn var gegn Svíum og vann íslenska liðið góðan 2-3 sigur með tveimur mörkum frá Birki Heimissyni og einu frá Viktori Örlygi Andrasyni. Annar leikurinn var gegn Finnum og þar vannst annar sigur að þessu sinni 0-2 með mörkum frá Birki og Ísaki Óla Ólafssyni. Þriðji leikurinn gegn Rússum tapaðist svo 3-0. Ísland vann mótið, hlaut 6 stig, Rússar og Svíar hlutu 4 stig en Finnar þrjú.

Opna Norðurlandamótið

Mótið var að þessu sinni haldið í Finnlandi 3.-9. ágúst. Var íslenska liðið í riðli með Svartfjallalandi, Færeyjum og Svíþjóð. Fyrsti leikurinn var gegn Svartfellingum sem unnu 1-0 sigur. Annar leikurinn var gegn Færeyingum og vann íslenska liðið 1-3 sigur með mörkum frá Birki, Örlygi Ómarssyni og Ágústi Eðvald Hlynssyni. Þriðji leikurinn gegn Svíum vannst svo 1-2 og skoraði Ívar Reynir Antonsson bæði mörk íslenska liðsins og tryggði þannig liðinu efsta sætið í riðlinum með 6 stig, Svartfellingar hlutu 5, Svíar 4 og Færeyingar 1 stig. Í úrslitaleiknum voru Danir mótherjarnir og unnu þeir 2-0 sigur og Ísland hafnaði því í öðru sæti.

Undankeppni EM

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn í Ísrael í byrjun nóvember og auk heimamanna voru Pólverjar og Armenar í riðlinum. Fyrsti leikurinn gegn heimamönnum tapaðist 2-0 og sömu sögu má segja um annan leikinn gegn Póllandi. Í lokaleiknum var leikið gegn Armenum sem unnu 3-2 sigur. Mörk Íslands skorðu Ágúst Eðvald og Lárus Björnsson. Ísraelsmenn unnu riðilinn með fullt hús stiga, Pólverjar og Armenar hlutu 4 stig hvor þjóð en Ísland rak lestina án stiga.

Vináttulandsleikir

Þjóðverjar komu í heimsókn um miðjan nóvember og léku tvo vináttulandsleiki í Egilshöll, Fyrri leikinn unnu gestirnir 2-7 en þann síðari 0-1. Mörk Íslands í fyrri leiknum gerðu Ágúst Eðvald og Ívar Reynir.

U19 landslið karla - Leikmenn fæddir 1998 og síðar

Vináttulandsleikir

Liðið lék tvo vináttulandsleiki í byrjun september gegn Wales ytra. Fyrri leikinn vann íslenska liðið 1-2 með mörkum frá Mána Austmann Hilmarssyni og Sveini Aroni Guðjohnsen en seinni leiknum lauk með markalausum jafntefli.

Undankeppni Evrópumótsins

Íslenska liðið var í riðli með Úkraínu, Tyrklandi og Lettlandi og var leikið í Kænugarði í október. Fyrsti leikurinn var gegn heimamönnum sem unnu 2-0 sigur. Næsti leikur var gegn Tyrkjum sem unnu 2-1 sigur, Axel Óskar Andrésson skorði mark Íslands. Þriðji leikurinn var gegn Lettum og unnu okkar menn 0-2 sigur með mörkun frá Sveini Aroni og Axel Óskari. Tyrkir unnu riðilinn með 7 stig, Úkraínumenn hlutu 6 stig, 5, Íslendingar 3 stig og Lettar ráku lestina með eitt stig.

Lokaorð

Eins og svo oft áður skiptust á skin og skúrir hjá yngri liðinum á árinu. Silfur á Norðurlandsmóttinu og sigur í undirbúningismóti UEFA hjá U17 standa uppúr en vissulega voru það vonbrigði að hvorugt liðið kæmist áfram í milliriðla í Evrópukeppnunum. Margir leikmenn hlutu góða og dýrmæta reynslu sem íslensk knattspyrna mun búa að í framtíðinni.

Ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum, þjálfurum liðanna og starfmönnum þeirra samstarfið á árinu sem og starfsfólki skrifstofu KSÍ.

Jóhann Torfason, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2016: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Arna Steinsen, Erla Hendriksdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir, Íris Sæmundsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Gunný Gunnlaugsdóttir fyrri hluta ársins en Þorvaldur Ingimundarson tók við hennar starfi seinni hluta ársins.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru vináttulandsleikir, Algarve-mótið og undankeppni EM 2017. Landsliðsþjálfari var Freyr Alexandersson, Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, sjúkráþjálfararnir Jófríður Halldórsdóttir og Ásta Árnadóttir, læknar Óskar Valdórsson og Arnar Sigurðsson og liðsstjórar þær Margrét Ákadóttir og Laufey Ólafsdóttir.

Keppnistímabilið hófst með vináttulandsleik gegn Póllandi í Nieciecza en þangað var haldið með ungt landslið. Leiknum lauk með jafntefli, 1-1, þar sem Andrea Rán Hauksdóttir kom Íslandi yfir en Pólverjar jöfnuðu í fyrri hálfleik. Vítaspyrna fór í súginn hjá íslenska liðinu í seinni hálfleik en sex nýliðar voru í leikmannahóp Íslands.

Að venju var leikið á hinu sterka Algarve móti og hófst það í byrjun mars. Belgar voru fyrstu mótherjarnir og vannst sá leikur 2-1 með mörkum frá Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur og sigurmarki Dagnýju Brynjarsdóttur á lokamínútu leiksins. Næst voru Danir lagðir af velli, 4-1, með mörkum frá Elínu Mettu Jensen, Söndru Maríu Jessen og Hólmfríði Magnúsdóttur auk þess sem eitt mark var sjálfsmark Dana. Í lokaleik riðilsins höfðu svo Kanada betur gegn okkar liði, 1-0 og Ísland lék því um þriðja sætið á mótinu. Mótherjarnir þar voru Nýja Sjáland og lauk leiknum með jafntefli, 1-1 þar sem Andrea Rán Hauksdóttir skoraði mark Íslands. Til að knýja fram úrslit var gripið til vítaspyrnukeppni og þar hafði Ísland betur í bráðabana. Þriðja sætið staðreynd sem var mjög góður árangur hjá liðinu enda mótið sterkt. Það var lið Kanada sem lagði Brasilíu í úrslitaleik á Algarve og fagnaði sigri.

Þá tók við undankeppni EM og var leikið gegn Hvíta Rússlandi ytra í apríl. Þar hafði Ísland öruggan sigur, 0-5, þar sem Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu og Margrét Lára Viðarsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir bættu við marki hvor. Ísland var þarna með fullt hús stiga, ásamt Skotum, og næstu leikur var einmitt gegn þeim ytra. Sá leikur var frábærlega leikinn af íslenska liðinu og vannst frækilegur sigur, 0-4. Þær Hallbera Guðný Gísladóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir voru á skotskónum í Falkirk þetta kvöld. Fjórum dögum síðar var svo tekið á móti Makedóníu á Laugardalsvelli þar sem Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu. Fannís Friðriksdóttir bætti við tveimur mörkum og þær Dagný Brynjarsdóttir, Elín Metta Jensen og Sara Björk Gunnarsdóttir bættu við einu marki hver í öruggum 8-0 sigri. Þar með var staða Íslands orðin mjög góð á toppi riðilsins og sætið í úrslitakeppninni í Hollandi í sjónmáli. Sætið var svo endanlega tryggt þegar tekið var á móti Slóvenum á Laugardalsvelli þann 16. september. Lokatölur urðu 4-0 með tveimur mörkum Dagnýjar Brynjarsdóttur og einu frá Hallberu Guðný Gísladóttur og Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur. Efsta sætið í riðlinum var þarna einnig tryggt í fyrsta skiptið og þegar einn leikur var eftir í riðlinum, hafði Ísland fullt hús stiga og enn ekki fengið á sig mark. Lokaleikurinn var heima gegn Skotum þar sem gestirnir höfðu betur, 1-2, og skoraði Fannís Friðriksdóttir mark Íslands.

Í október var svo haldið til Kína þar sem leikið var á Sincere Cup. Fyrsti leikur var gegn sterkum heimastúlkum og lauk leiknum með jafntefli, 2-2 þar sem Fannís Friðriksdóttir og Katrín Ásbjörnsdóttir skoruðu mörk Íslands. Næst var leikið gegn Dönnum sem höfðu sigur, 0-1 og lokaleikurinn var gegn Úsbekistan þar sem Fannís Friðriksdóttir skoraði sigurmarkið. Ísland hafnaði í þriðja sæti á mótinu en Kínverjar fögnuðu sigri. Ævintýraleik og lærdómsrík ferð til Kína þar sem vel var tekið á móti hópnum af heimamönnum.

Lokaorð

Alls lék A landslið kvenna 13 landsleiki á árinu, 8 vináttulandsleiki og 5 leiki í undankeppni EM. Sigrarnir urðu 7, þremur lauk með jafntefli og 3 leikir töpuðust og var markatalan í þessum leikjum 33 - 10. Framundan er úrslitakeppni EM í Hollandi þar sem Ísland er í riðli með Frakklandi, Sviss og Austurríki og er fyrst leikur gegn Frökkum í Tilburg, 18. júlí. Efstu tvær þjóðirnar komast í 8 liða úrslit. Áður en til þess kemur verður dregið í undankeppni HM 2019 þann 25. apríl næstkomandi. Úrslitakeppnin verður haldin að þessu sinni í Frakklandi.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

Þeim sem hafa staðið þétt við bakið á liðinu á árinu eru þökkuð góð störf. Þar ber helst að nefna fasta starfsmenn liðsins og nefndarfólk. Þá vil ég þakka starfsmönnum nefndarinnar, Gunný og Þorvaldi fyrir sitt góða starf sem og öðrum starfsmönnum KSÍ sem eru ávallt boðnir og búnir að aðstoða liðið. Síðast en ekki síst er leikmönnum þakkað fyrir þeirra ómetanlega framlag til íslenskrar knattspyrnu. Öllu þessu frábæra fólki er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Guðrún Inga Sívertsen, formaður

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2016: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Jakob Skúlason, Sigríður Fanney Pálsdóttir, Sigrún Ríkhardsdóttir, Tómas Þóroddsson, Hanna Dóra Markúsdóttir og Viggó Magnússon. Starfsmaður nefndarinnar var Gunný Gunnlaugsdóttir. Hlutverk unglínganefndar kvenna var umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna.

Þórður Þórðarson var þjálfari U19 og honum til aðstoðar var Hjálmur Dór Hjálmsón. Freyr Alexandersson var þjálfari U17 og honum til aðstoðar var Úlfar Hinriksson. Gísli Þór Einarsson var markmannsþjálfari beggja þessara liða. Sjúkraþjálfarar voru þær Ásta Árnadóttir, Hildur Grímsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Sigrún Arnardóttir, Arnar Sigurðsson, María Svavarsdóttir, Valur Helgi Kristinsson og Sigurbjörn Björnsson voru læknar liðanna. Liðstjórar voru þær Sigríður Fanney Pálsdóttir og Kristín Ýr Bjarnadóttir.

U19 landslið kvenna skipað leikmönnum fæddum 1998 og síðar

Í ágúst lék liðið vináttulandsleik við Pólland í Sandgerði í undirbúningsskyni fyrir undankeppni EM 2017. Leikurinn tapaðist 0-1.

Undankeppni EM var leikin í Finnlandi dagana 13.-21. september þar var íslenska liðið í riðli með Finnlandi, Færeyjum og Kasakstan. Fyrsti leikurinn var á móti grönnum okkar frá Færeyjum og unnu íslensku stelpurnar sannfærandi 5-0 sigur með mörkum frá Öglu Maríu Albertsdóttur (2), Andreu Mist Pálsdóttur, Andreu Celeste Thorisson og Guðnýju Árnadóttur.

Í næsta leik var einnig boðið upp á góðan sigur en leikið var á móti Kasakstan og endaði leikurinn 10-0 fyrir Ísland með mörkum frá Öglu Maríu Albertsdóttur (4), Önnu Rakel Pétursdóttur (3), Selmu Sól Magnúsdóttur, Ásdísi Karen Halldórsdóttur og Melkorku Katrínu Fl Pétursdóttur.

Í síðasta leik riðilsins gegn Finnlandi mátti íslenska liðið hins vegar sætta sig við 0-3 tap og var 2. sætið í riðlinum því niðurstaðan og komst liðið í milliriðla sem spilaðir verða í apríl 2017.

U17 landslið kvenna skipað leikmönnum fæddum 1999 og síðar

Liðið lék tvo vináttulandsleiki við Skotland í febrúar þar sem Ísland sigraði báða leikina. Leikirnir fóru fram í Egilshöllum og vannst fyrri leikurinn örugglega 3-0 með mörkum frá Ásdísi Karenu Halldórsdóttur, Hlín Eiríksdóttur og Sólveigu Jóhannesdóttur Larsen.

Seinni leikurinn var spilaður tveimur dögum síðar og vann Ísland 4-2, mörk Íslands skoruðu Agla María Albertsdóttir (2), Hlín Eiríksdóttir og Guðrún Gyða Haralz.

Liðið lék í milliriðlum EM í Serbíu í mars. Liðið sigraði Belgíu 2-1 í fyrsta leik sínum í riðlinum með mörkum þeirra Hlínar Eiríksdóttur og Guðrúnar Gyðu Haralz. Í öðrum leik sínum tapaði liðið gegn Englandi 0-5 og í síðasta leiknum tapaði liðið 1-5 fyrir Serbum. Mark Íslands gegn Serbum skoraði Agla María Albertsdóttir.

U17 landslið kvenna skipað leikmönnum fæddum 2000 og síðar

Liðið tók þátt í undirbúningsmóti UEFA í Finnlandi 6.-10. maí. Liðið tapaði fyrstu tveimur leikjunum, 3-1 gegn Svíum þar sem Alexandra Jóhannesdóttir skoraði mark liðsins og 4-2 gegn Finnum, en Hlín Eiríksdóttir skoraði bæði mörk liðsins. Liðið tryggði sér 3ja sætið í mótinu með 5-2 sigri á Rússum í lokaleiknum þar sem Alexandra Jóhannesdóttir skorði tvö mörk og Karólína Lea Vilhjálmisdóttir, Sveindís Jane Jónsdóttir og Bergdís Fanney Einarsdóttir eitt mark hver.

Norðurlandamótið fór fram 1.-6. júlí í Noregi. Liðið varð í 3ja sæti í riðlinum. Þær sigraðu Dani 4-2 með mörkum frá Stefaníu Ragnarsdóttur, Alexöndru Jóhannesdóttur, Sveindísi Jane Jónsdóttur og Karólínu Leu Vilhjálmisdóttur. Þær töpuðu 4-2 gegn Norðmönnum, mörkin skoruðu Sveindís Jane Jónsdóttir og Hlín Eiríksdóttir og loks gerði liðið 1-1 jafntefli gegn Frökkum þar sem Sveindís skoraði mark liðsins. Í leik um 5. sætið sigraði Ísland Finna 4-0 en markaskorarar voru Sveindís, Alexandra, Hlín og Bergdís Fanney Einarsdóttir.

Undankeppni EM fór fram í Írlandi 26.-31. október. Liðið tryggði sig áfram í milliriðil með því að sigra Hvít Rússa og Færeyjar 4-0. Gegn Hvít Rússum skoruðu Sveindís (2), Hlín og Karólína mörkin en gegn Færeyjum Hlín (2), Alexandra og Sólveig Jóhannesdóttir Larsen. Írar lögðu okkar stelpur 4-1 í lokaleiknum, en bæði lið voru örugg áfram fyrir leikinn. Hlín Eiríksdóttir skoraði mark Íslands. Úlfar Hinriksson og Þórður Þórðarson stýrðu liðinu í mótinu.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

Lokaorð

Árið var annasamt og viðburðaríkt og verður árið 2017 engin undantekning. Afar ánægjulegt var að bæði liðin komust í milliriðla sem leiknir verða á vormánuðum í Þýskalandi og í Portúgal og framundan eru æfingaleikir til að undirbúa liðin undir milliriðlana við Austurríki og Ungverjaland. U16 ára liðið tekur þátt í undirbúningsmóti UEFA í Skotlandi seinni partinn í febrúar og svo opna Norðurlandamótinu í Finnlandi í sumar. Í haust hefst ný keppni og fara riðlarnir fram í Azerbaidjan og á Íslandi.

Síðastliðið haust var ákveðið að gera breytingar á fyrirkomulagi landsliðsþjálfara og ráða þá í fullt starf og nú aðstoðar U19 ára þjálfarinn Þórður Þórðarson, þjálfara U17 Jörund Áka Sveinsson og öfugt. Við lítum á þessar breytingar sem mikið framfaraskref.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðstjórum og starfsmönnum KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Árangur landsliða Íslands á árinu 2016

Lið	Leikir				Mörk		Hlutföll			Markamismunur
	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jafntefli	Töp	
A karla	17	8	3	6	30	26	47%	18%	35%	4
U21 karla	5	2	1	2	5	6	40%	20%	40%	-1
U19 karla	5	1	1	3	3	7	20%	20%	60%	-4
U17 karla	17	6	1	10	17	28	35%	6%	59%	-11
Samtals karla	44	17	6	21	55	67	39%	14%	48%	-12
Lið	Leikir				Mörk		Hlutföll			Markamismunur
	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jafntefli	Töp	
A kvenna	13	7	3	3	33	9	54%	23%	23%	24
U19 kvenna	4	2	0	2	15	4	50%	0%	50%	11
U17 kvenna	15	7	1	7	38	33	47%	7%	47%	5
Samtals kvenna	32	16	4	12	86	46	50%	13%	38%	40
Samanlagt	76	33	10	33	141	113	43%	13%	43%	28

*Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/landslid/landsleikir*

*Yfirlit þeirra leikmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/*

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

A landsleikir karla 2016

Leikir og mörk liða í mótum - Leikir og mörk: Island Árið: 2016																		Listinn settur saman: 25.1.2017 11:52:05					
Tákn móts	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	H	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	H	H	Ú	Ú							
Dagsetning	13.01	16.01	31.01	24.03	29.03	01.06	06.06	14.06	18.06	22.06	27.06	03.07	05.09	06.10	09.10	12.11	15.11						
Móthæfi	Finnland	S.A. furstad.	Bandaríkin	Danmörk	Grikkland	Noregur	Liechtenstein	Portúgal	Ungverjaland	Austurríki	England	Frakkland	Úkraína	Finnland	Týrkland	Krótía	Malta						
Áhorfendur	50	500	8803	9194	5584	9188	8401	38743	60848	68714	33901	76833	0	9548	9785		1000						
																	LEIKIR	MÖRK	GUL	RAUÐ	FYRIRL.		
1	Alfreð Finnbogason			X	V	XÚ	XÚ1	GV	VG			V	XG1	X1	XÚ1		10	4	3	0	0		
2	Andrés Már Jóhannesson	-	XÚ														1	0	0	0	0		
3	Ari Freyr Skúlason		XÚ	-	X	-	XÚ	X	X	XG	X	X	XÚ	X	X	-	X	12	0	1	0	0	
4	Arnór Ingvi Traustason	XÚ1	XÚ		V1	XÚ1	-	XÚ	-	-	V1	V	-	V	-	V	X1	10	5	0	0	0	
5	Arnór Smárason			X												XÚ	2	0	0	0	0		
6	Aron Einar Gunnarsson				XF	XFÚ	XFÚ	XF	XF	XFÚ	XF	XF	XF	XF		XF	V	13	0	3	0	12	
7	Aron Elís Bráðarson			V														1	0	0	0	0	
8	Aron Sigurðarson			X1														1	1	0	0	0	
9	Birkir Bjarnason				XÚ	VG	V	-		XG1	X	X	X	XG1	XÚ	X	X	13	2	4	0	0	
10	Birkir Már Sævarsson			X	-	X	-	X1	X	XG	X	X	X	X	X	X	XÚ	13	1	1	0	0	
11	Björn Bergmann Sigurðarson													XÚ	V			2	0	0	0	0	
12	Björn Daniel Sverrison	V	V															2	0	0	0	0	
13	Diego Jóhannesson Pando			V														1	0	0	0	0	
14	Eiður Smári Guðjohnsen	XF	XFÚ	XFÚ		V	V1	-	V	-	-	V					7	1	0	0	3		
15	Eliás Már Ómarsson	V	XÚ													X		3	0	0	0	0	
16	Emil Hallfreðsson				XÚ	XÚG	XÚ	V	-	V	-	-	V				6	0	1	0	0		
17	Emil Pásson		XÚ															1	0	0	0	0	
18	Garðar Bergmann Gunnlaugsson	XÚ	-	-														1	0	0	0	0	
19	Guðmundur Þórarinnsson			XÚ														1	0	0	0	0	
20	Gunnleifur Vignir Gunnleifsson	-	-	-	-	-												0	0	0	0	0	
21	Gylfi Þór Sigurðsson			XÚ	V	X1	X	X	X1	X	XG	X	X	X	XF	X	-	13	2	1	0	1	
22	Hallgrímur Jónsson			XÚ														1	0	0	0	0	
23	Hannes Þór Halldórsson				V	-	X	X	X	XG	X	X	X	-	X	X	-	10	0	1	0	0	
24	Haraldur Björnsson	V	-															1	0	0	0	0	
25	Haukur Heiðar Hauksson	X	V		X	-	XÚ	-	-	-	-	-	-	-	-	-		4	0	0	0	0	
26	Hjörtur Hermannsson			V		X	-	V	-	-	-	-	-	-	-	-		3	0	0	0	0	
27	Hjörtur Logi Valgarðsson	X	-															1	0	0	0	0	
28	Hólmur Örn Eyjólfsson	V	-													XÚ		2	0	0	0	0	
29	Hörður Björgvin Magnússon				X	-	X	V	-	-	-	-	V	-	V	X	-	6	0	0	0	0	
30	Ingvar Jónsson	XÚ	X		-	-	V	-	-	-	-	-	-	-	-	X		4	0	0	0	0	
31	Jóhann Berg Guðmundsson				V	X	X	XÚ	XÚ	XÚ	X	X	XÚ	X	X	X	V	14	0	1	0	0	
32	Jón Daði Böðvarsson				V	XÚ	XÚ	-	X	XÚ	XÚ1	XÚ	XÚ	X	-	XÚ	XÚ	V	12	1	0	0	0
33	Jón Guðni Fjóluson			XG														1	0	1	0	0	
34	Kári Árnason	-	XG		X	-	-	-	X	X	XG	X	XÚ	X	XG1	X	X	-	11	1	3	0	0
35	Kjartan Henry Finnbogason	V	V	V														3	0	0	0	0	
36	Kolbeinn Sigbórssón				XÚ	V1	V	XÚ1	XÚ	XÚ	XGÚ	XÚ1	XÚ1					9	4	1	0	0	
37	Kristinn Jónsson	-	X															1	0	0	0	0	
38	Kristinn Steindórsson			XÚ1														1	1	0	0	0	
39	Matthías Vilhjálmsson	V	V															2	0	0	0	0	
40	Ólafur Ingi Skúlason				-											XFÚ		1	0	0	0	1	
41	Ragnar Sigurðsson	XÚ	X		X	-	X	XÚ	X	X	X	X1	X	X	X1	X	V	15	2	0	0	0	
42	Rúnar Már S. Sigurjónsson	XÚ	X	X			V	V	-	-	-	-	-	-	-	XÚ		6	0	0	0	0	
43	Sverrir Ingi Ingason				-	X1	X1	X	-	-	V	-	V	-	-	X1		6	3	0	0	0	
44	Sölvi Geir Ottesen Jónsson	X	-															1	0	0	0	0	
45	Theodor Elmar Bjarnason	X	V		V	V	V	V	V	-	V	V	-	V	XGÚ	XÚG	V	13	0	2	0	0	
46	Váðar Örn Kjartansson		XÚ1		-	XÚ								V	V	V	XÚ	7	1	0	0	0	
47	Þórarinn Ingi Valdimarsson	-	V															1	0	0	0	0	
48	Ævar Ingi Jóhannesson			V														1	0	0	0	0	
49	Ógmundur Kristinsson			X	X	XÚ	XÚ	-	-	-	-	-	-	X	-	-	-	5	0	0	0	0	
Úrslit:	0-1	2-1	3-2	2-1	2-3	3-2	4-0	1-1	1-1	1-2	1-2	5-2	1-1	3-2	2-0	2-0	0-2						

X = Í byrjunarliði - = Var í hópi G = Gul spjöld (23) F = Fyrirliði Fjöldi áhorfenda: 341052 3 Heima: 27714 14 Úti: 313338
 Ú = Skipt útaf V = Skipt inná R = Rauð spjöld (0)

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

U21 landsleikir karla 2016

Leikir og mörk liðs í mótum - Leikir og mörk: Ísland Árið: 2016						Listinn settur saman: 25.1.2017 11:55:35				
Tákn móts	Ú	Ú	Ú	H	H					
Dagsetning	24.03	02.09	06.09	05.10	11.10					
Mótherji	Makedónía	Norður-Írland	Frakkland	Skotland	Úkraína					
Áhorfendur										
						LEIKIR	MÖRK	GUL	RAUÐ	FYRIRL.
1	Adam Örn Arnarson	X	XÚ	XÚ	X	X	5	0	0	0
2	Albert Guðmundsson		-	V	-	V	2	0	0	0
3	Aron Elís Þrándarson	X	X	XÚ	X1	XG	5	1	1	0
4	Árni Vilhjálmsson	XÚ	XÚ	XÚ	-	V	4	0	0	0
5	Boðvar Böðvarsson	X	X	X	X	X	5	0	0	0
6	Daníel Leó Grétarsson	-	-	-	X	XÚ1	2	1	0	0
7	Davíð Kristján Ólafsson		V	-	-	-	1	0	0	0
8	Elías Már Ómarsson	X	XÚ	X	XG1	XG1	5	2	2	0
9	Frédrik August Albrecht Schram	-	-	-	-	-	0	0	0	0
10	Hans Viktor Guðmundsson					-	0	0	0	0
11	Heiðar Ægisson	V	X1	X	X	XÚ	5	1	0	0
12	Hjörtur Hermannsson	XF	X	X	XF	XF	5	0	0	3
13	Höskuldur Gunnlaugsson	XÚ					1	0	0	0
14	Kristján Flóki Finnbogason	V			X	X	3	0	0	0
15	Oliver Sigurjónsson		XF	XFG			2	0	1	2
16	Orrí Sigurður Ómarsson	X	X	X	X	X	5	0	0	0
17	Óttar Magnús Karlsson		V	V	-	V	3	0	0	0
18	Rúnar Alex Rúnarsson	X	X	X	XG	X	5	0	1	0
19	Samúel Kári Friðjónsson	X					1	0	0	0
20	Sindri Björnsson	-					0	0	0	0
21	Víðar Ari Jónsson	V	X	X	V	XÚ	5	0	0	0
22	Viktor Jónsson	-					0	0	0	0
23	Þórður Þorsteinn Þórðarson		-	-	-	-	0	0	0	0
24	Ævar Ingi Jóhannesson	XÚ	V	V	XÚ		4	0	0	0
	Úrslit:	0-0	0-1	2-0	2-0	2-4				

X = Í byrjunarliði

- = Var í hópi

G = Gul spjöld (5)

um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Félagið fór fram á að kröfu leikmannsins yrði hafnað. Nefndin taldi að við úrlausn álitaefnisins dugði ekki að líta eingöngu til reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga heldur yrði einnig að horfa til ákvæða reglugerðar KSÍ um milliliði. Samkvæmt 3. tl. 3. gr. reglugerðar um milliliði, skal leikmaður sem nýtur aðstoðar milliliðar senda KSÍ Yfirlýsingu milliliðar sem aðstoðaði hann við samningsgerðina. Engin slík yfirlýsing hafði verið lögð fram í þessu máli en slíkt er samkvæmt framangreindri reglugerð á ábyrgð leikmannsins. Var því ekki unnt að líta svo að Bjarki Gunnlaugsson hafi starfað við samningsgerðina sem milliliður í skilningi reglugerðar KSÍ um milliliði. Jafnvel þó svo að litið væri á að Bjarki Gunnlaugsson hefði starfað sem milliliður í skilningi framangreindrar reglugerðar, þá kveður 5. tl. 2. gr. reglugerðar um milliliði á um að það sem fram komi í umræddri reglugerð hafi ekki áhrif á lögmæti leikmannssamnings eða félagaskipta. Ákvæði reglugerðar um milliliði eru yngri en tilvitnuð ákvæði 14.7 og 14.15 og ganga því framur þeim ákvæðum. Um málalíbúnað leikmannsins um að samningurinn hafi ekki verið skráður innan mánaðar, þá er því ekki haldið fram af leikmanninum að félagið hafi ekki skilað samningnum til sambandsins innan mánaðar frá undirritun samningsins. Ákvæði 14.11 yrði ekki skilið á annan veg en að skyldur félagsins lúti að því að félagið skuli skila samningi inn til skráningar innan mánaðar frá undirritun. Gildi samningsins getur ekki ráðist af því hvort að dráttur verði á skráningu samnings ef samningi er skilað inn innan framangreindra tímamarka. Þá verður að líta svo á að samningnum sé skilað til sambandsins fullfrágengnum í skilningi ákvæðis 14.11. Þó nafn Bjarka Gunnlaugssonar sé ranglega ritað á hann, enda var samningurinn að öðru leyti fullfrágenginn. Í ljósi framangreinds var kröfum leikmannsins hafnað og samningurinn á milli aðila því í fullu gildi eftir efni sínu.

Rafræn varsla á samningum leikmanna

Í samræmi við grein 22 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga ber skrifstofu KSÍ um að sjá um skráningu á undirrituðum leikmannssamningum og sambandssamningum í sérstaka leikmannaskrá. Er framkvæmdastjóri KSÍ ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ. KSÍ hefur undanfarna áratugi varðveitt útprentað eintak af hverjum og einum leikmanns- eða sambandssamning sem skilað er til KSÍ í læstum skjalgemymslum. Ákvæðið var að frá og með 1. janúar 2017 muni KSÍ varðveita alla samninga leikmanna (leikmanns- og sambandssamninga) á rafrænu formi. Meirihluti leikmanns- og sambandssamninga skila sér nú þegar til KSÍ með rafrænum hætti (með tölvupósti) og því munu flest félög áfram geta skilað samningum inn til KSÍ með sama hætti.

Milliliðir

Eftir að ný reglugerð KSÍ um milliliði var staðfest í stjórn KSÍ á vormánuðum 2015 hefur skráning milliliða farið rólega af stað. Einungis tveir milliliðir hafa skráð sig sem slíkir hjá KSÍ frá þeim tíma. Búist er við því að skráning milliliða muni aukast um leið og nýjir verkferlar hafa verið innleiddir í málaflokknum.

Fundir og ráðstefnur

KSÍ hafði umsjón með árlegum samráðsfundi norrænu knattspyrnusambandanna um móta- og félagaskiptamál. Birkir Sveinsson, Haukur Hinriksson og Þorvaldur Ingimundarson sátu fundinn sem fram fór á Íslandi í lok september. Árið 2017 verður fundurinn í Finnlandi.

Félagaskipti

Haukur Hinriksson og Þorvaldur Ingimundarson höfðu að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta. Árið 2016 voru 2.739 félagaskipti afgreidd, samanborið við 2.353 árið 2015. Flest félagaskipti eru afgreidd í byrjun sumars og í lok júlí, þegar félagaskiptaguggarnir loka. Þá er gríðarlegt álag á starfsmönnum sem annast félagaskipti. Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti fjórar óskir um undanþágu vegna markvarða. Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Fjöldi félagaskipta	2739	2353	2.221	2.404	2.230	2.206	1.995	1.935	1.895	1.688	1.639

	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des
Fjöldi félagaskipta 2016 Flokkað eftir mánuðum	196	191	398	321	683	81	357	42	21	199	145	105

Lokaorð

Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Jóhannes Ólafsson, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2015-2016: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Guðni Kjartansson, Gylfi Orrason, Sigurður Sighvatsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Sigvaldi Einarsson, Hjördís Björnsdóttir og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 4 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi.

Þjálfaramenntun

KSÍ býður upp á þrjár þjálfaragráður, Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, KSÍ B og KSÍ A þjálfaragráður. Tvær síðarnefndu gráðurnar hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 434 þjálfarar eru með KSÍ B gráðuna og 219 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar. Auk þess hafa 16 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu.

Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.

Haustið 2016 hófu 10 konur nám á KSÍ A þjálfaranámskeiði sem styrkt er af UEFA og er eingöngu fyrir konur. Hópurinn fór m.a. til Noregs þar sem kvennalið Lilleström og Stabæk tóku vel á móti þeim. Námskeiðið er að öllu leyti eins og hefðbundin KSÍ þjálfaranámskeið. Markmiðið er að fjölga kvenkyns þjálfurum með KSÍ A gráðu en fáar konu starfa sem aðalþjálfarar í 11 manna bolta á Íslandi.

Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

Námskeiðahald

KSÍ hélt 29 fræðsluviðburði á árinu fyrir 1.047 þátttakendur. Einungis einu sinni áður hefur KSÍ haldið fleiri fræðsluviðburði en það var árið 2015. Þetta ár var jafnframt næstfjölmennasta árið í þátttökufjölda en árið 2015 sóttu 1.141 aðili fræðsluviðburði KSÍ. 19 af þessum 29 fræðsluviðburðum voru hluti af þjálfaragráðum KSÍ. En KSÍ býður, sem fyrr segir, upp á þrjár þjálfaragráður; KSÍ A þjálfaragráðu, KSÍ B þjálfaragráðu og Markmannsþjálfaragráðu KSÍ. Aldrei fyrr hefur KSÍ haldið eins mörg KSÍ námskeið, ef svo má kalla.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar. Alls störfuðu 72 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakki fyrir:

Alvaro Molinos, Arnar Bill Gunnarsson, Arnar Grétarsson, Árni Ólason, Ásmundur Haraldsson, Birkir Sveinsson, Bojana Besic, Daði Rafnsson, Dagur Sveinn Dagbjartsson, Davíð Snorri Jónasson, Dean Martin, Edda Garðarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Ellert Örn Erlingsson, Elmar Hjaltalín, Eysteinn Hauksson, Fjalar Þorgeirsson, Freyr Alexandersson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Gerard Lemarquis, Guðjón Jóhannsson, Guðmundur Brynjólfsson, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Guðmundsson, Halldór Halldórsson, Hallur Hallsson, Haukur Ingi Guðnason, Hákon Sverrisson, Hege Riise, Heimir Hallgrímsson, Helgi Mikael Jónasson, Íris Björk Eysteinsdóttir, Janus Guðlaugsson, Jón Ólafur Danielsson, Jóhann Kristinn Gunnarsson, Jónas L. Sigursteinsson, Kristine Skuland Nilsen, Kristinn Jakobsson, Kristján Guðmundsson, Kristján Ómar Björnsson, Lena Tyriberget, Magnús Már Jónsson, Magnús Orri Sæmundsson, María Helga Guðmundsdóttir, Monica Knudsen, Ólafur Pétursson, Pálmar Ragnarsson, Pétur Ólafsson, Ragnar Gíslason, Reynir Björnsson, Róbert Magnússon, Sandor Matus, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Stefán Ólafsson, Stefán Stefánsson, Úlfar Hinriksson, Vanda Sigurgeirsdóttir, Vanja Stefanovic, Vilborg Hjörny Ívarsdóttir, Vilhjálmur Kári Haraldsson, Þorkell Máni Pétursson, Þorlákur Már Árnason, Þorsteinn Magnússon, Þorvaldur Ingimundarson, Þórhallur Siggeirsson, Ægir Viktorsson, Örn Ólafsson og Øyvind Skaug Eide.

Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Guðmundur Hreiðarsson markmannsþjálfari A-landsliðs karla hefur tekið sæti í fræðslunefnd UEFA um markmannsmál. Á árinu fylgdist hann m.a. með uppsetningu á markmannsþjálfaragráðum í Serbíu og Austurríki.
- Arnar Bill Gunnarsson, Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck fóru fyrir hönd KSÍ á UEFA ráðstefnu í september í Frakklandi þar sem Evrópumótið var gert upp.
- Fjölmargir erlendir aðilar komu hingað til lands til að kynna sér íslenska knattspyrnu.
- Fræðsludeild KSÍ skipulagði ráðstefnu fyrir fræðsludeildir Norðurlandanna í lok nóvember. Alls komu 15 gestir og á ráðstefnunni var m.a. ákveðið að sú næsta yrði haldin í Noregi 2018.

Fræðsluverkefni UEFA - UEFA Study Group Scheme

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA Study Group Scheme*. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2008 og þátttakendur í fræðsluverkefnunum hafa verið starfsmenn KSÍ, nefndarfolk, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

- KSÍ sendi 5 fulltrúa til Belgíu í febrúar þar sem viðfangsefnið var *UEFA Elite A Youth*.
- KSÍ sendi 5 fulltrúa til Hollands í maí þar sem viðfangsefnið var *Women's Elite football*.
- KSÍ sendi 5 fulltrúa til Austurríkis í október þar sem viðfangsefnið var *UEFA Elite A Youth*

Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitti 10 fræðslustyrki á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Stefán Ólafsson sótti sjúkrapjálfararáðstefnu í London.
- Unnar Jóhannsson heimsótti AGF og fleiri félög í Danmörku.
- Edda Garðarsdóttir heimsótti Florida State Háskólann.
- Hákon Sverrisson sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.
- Guðmundur Brynjólfsson sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.
- Óskar Hrafn Þorvaldsson sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.
- Halldór Árnason sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.
- Þórhallur Siggeirsson sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.
- Magnús Örn Helgason sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.
- Bjarki Már Ólafsson sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.

Þjálfaraskóli KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynsli sinni og þekkingu. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. Allir þjálfarar sem ætla sér að taka UEFA B prófið, sem haldið er í apríl ár hvert, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ VI þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því orðinn hluti af UEFA A og UEFA B þjálfaragráðunni.

28 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 11 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 39 þjálfarar þjálfaraskóla KSÍ árið 2016.

Lokaorð

Verkefni KSÍ á sviði fræðslumála eru margvísleg og eru íslenskir þjálfarar duglegir að sækja sér menntun sem sést á þátttökutölum sem annað árið í röð ná yfir þúsund þátttakendur. Það hefur verið metnaðarmál félaganna að ráða til sín menntaða þjálfara og senda þá á námskeið og er það talin ein aðalástæða þess góða árangurs sem knattspyrnufólkið okkar hefur náð undanfarin ár. Hægt er að fullyrða að aldrei fyrr í sögu KSÍ hafi eins mikill fjöldi erlendra aðila heimsótt sambandið til að fræðast um "íslenska knattspyrnuundrið". Með styrk frá UEFA er í gangi UEFA A þjálfaranámskeið sem eingöngu er ætlað konum með það að markmiði að fjölga kvenkynsþjálfurum og verður spennandi að fylgjast með framvindu þessara þjálfara. Fjöldi fólks kemur að menntun þjálfara þó að hitann og þungann beri þeir Arnar Bill fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson starfsmenn fræðsludeildar, þeim er hér þakkað fyrir mjög vel unnin störf. Öðrum nefndarmönnum vil ég þakka samstarfið á árinu svo og öllum starfsmönnum KSÍ.


Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016


Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2016
Alls 29 fræðsluviðburðir og 1.047 þátttakandi

Dagsetning	Viðburður	Þátttakendur
8.-9. janúar	Líkamsþjálfun í knattspyrnu kvenna	61
Janúar-mars	KSÍ VII þjálfaranámskeið	24
15.-17. janúar	KSÍ III þjálfaranámskeið á Akureyri	14
3. febrúar	Súpufundur KSÍ - Þjálfun barna, Pálmar Ragnarsson körfuboltaþjálfari	60
5.-7. febrúar	KSÍ IV þjálfaranámskeið	28
7.-10. apríl	KSÍ I þjálfaranámskeið hjá Fjölni	22
29. apríl	Málstofa - Hvað getum við lært af árangri karlalandsliðsins í knattspyrnu	54
18. maí	Súpufundur KSÍ - Borgirnar sem leikið verður í á EM, Gerard Lemarquis	117
25. maí	Hvernig er að vera hinsegin íþróttamanneskja á Íslandi í dag?-ÍSí og KSÍ	20
18. júlí	Alvaro Molinos - fitnessþjálfari kvennaliðs Frankfurt	78
12.-13. ágúst	Bikarúrslitaráðstefna KÞÍ og KSÍ	71
10.-12. september	KSÍ I þjálfaranámskeið hjá Fjölni	19
24.-25. september	KSÍ VI - námskeið í leikgreiningu	10
7.-9. október	KSÍ V þjálfaranámskeið	26
21.-23. október	KSÍ I þjálfaranámskeið**	41
12.-18. október	KSÍ VI þjálfaranámskeið í Noregi	10
28.-30. október	KSÍ I þjálfaranámskeið**	42
28.-30. október	KSÍ II þjálfaranámskeið	18
4.-6. nóvember	KSÍ II þjálfaranámskeið**	51
11.-13. nóvember	KSÍ II þjálfaranámskeið á Akureyri	16
18.-20. nóvember	KSÍ III þjálfaranámskeið	37
28.nóv-1.des.	Norðurlandaráðstefna um þjálfaramenntun	18
6. desember	Súpufundur KSÍ - Þjálfun leikmanna hjá Stjörnunni, Þórhallur Siggeirsson	115
10.-11. desember	Markmanns- og markmannsþjálfaranámskeið í Hveragerði	45
Allt árið	Markmannsþjálfaragráða KSÍ	11
Allt árið	Þjálfaraskóli KSÍ	39
	** Tvö námskeið, haldin sömu helgina	1047

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2006-2016



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2006-2016



Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2016-2017 þeir Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðþjófsson, Tómas Þóroddsson, Jakob Skúlason og Magnús Ásgrímsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson

Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008.

Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.

Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

Útbreiðsluverkefni árið 2016

KSÍ var í góðu samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra á árinu, líkt og undanfarin ár. Íslandsleikar Special Olympics voru haldnir tvisvar á árinu 2016 - einir leikar að vori og aðrir að hausti. Mótin í ár voru haldin í samvinnu við Þrótt R. og Nes, íþróttafélag fatlaðra í Reykjanesbæ. Vormótið í ár var haldið á Þróttaravellinum og tóku 6 lið þátt að þessu sinni. Leikið var með hefðbundnum hætti, þ.e. þátttakendur voru eingöngu fatlaðir einstaklingar en undanfarin ár hefur verið keppt í Unified knattspyrnu, þar sem meðspilarar taka þátt í leiknum. Vegna fjölgunar iðkenda, sérstaklega yngri iðkenda hjá fötluðum var einnig ákveðið að leika með hefðbundnu sniði á haustleikum SO en það mót var haldið í Reykjaneshöllinni. Fimm lið tóku þátt en einungis tóku svokölluð „getuminni lið“ þátt vegna aldurs iðkenda.

KSÍ styrkti FC Sækó um ýmsan búnað til knattspyrnuíðkunar ásamt því sem Halldór Björnsson, U17 ára landsliðsþjálfari drengja, heimsótti æfingasvæði félagsins og hélt æfingu með hópnum. En FC Sækó er knattspyrnufélag sem starfsmenn og notendur á geðsviði Landsspítalans stofnuðu fyrir tveimur árum. KSÍ bauð einnig þjálfara liðsins á þjálfaranámskeið, félaginu og þjálfaranum að kostnaðarlausu.

Knattspyrnusamband Íslands og Íþróttasamband fatlaðra gerðu tilraun á haustmánuðum 2016 til að fjölga stúlkum í knattspyrnu fatlaðra. Fengin var þjálfari í verkefnið, aðstaða á svæði Stjórnunnar í Garðabæ og KSÍ útvegaði búnað til knattspyrnuíðkunar. Því miður bar verkefnið ekki þann árangur sem til var ætlast en reynt verður aftur þegar nær dregur sumri 2017.

Halldór Björnsson, U17 landsliðsþjálfari og starfsmaður hæfileikamótunar, sinnti jafnframt útbreiðslustarfi í ferðum sínum vítt og breitt um landið, flutti fyrirlestra og var með æfingar fyrir krakka á öllum aldri. Halldór heimsótti m.a. Grundarfjörð, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjar, Akureyri, Reyðarfjörð, Dalvík, Egilsstaðir, Ísafjörð, Akranes, Reykjanesbæ og Grindavík.

Í október var haldin kynning á íþróttum fatlaðra í Laugardalshöllinni. Þar voru Guðlaugur Gunnarsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson, starfsmenn KSÍ, og kynntu knattspyrnu. Þeir félagar buðu upp á knattþraut og einnig gátu gestir og gangandi fengið að skjóta á mark með bolta sem notaður er fyrir knattspyrnu blindra. Að sjálfsögðu var þátttakendum ekki gert kleift að sjá en alþjóðasamtök blindra í íþróttum færðu knattspyrnusambandinu nokkra bolta og augnleppa að gjöf til verkefnisins og eins til að gera blindum og sjónskertum kleift að stunda knattspyrnu.

Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði

Á ársþingi KSÍ 2016 hlaut Ungmennafélagið Tindastóll Grasrótarverðlaun KSÍ. Tindastóll hefur um áraraðir haldið úti knattspyrnumóti fyrir bæði stráka og stelpur með miklum sóma, Landsbankamót Tindastóls fyrir stúlkur í 6. og 7. flokki og Króksmót Tindastóls fyrir drengi í 5., 6. og 7. flokki. KSÍ getur seint þakkað þeim félögum sem halda úti knattspyrnumótum fyrir yngstu iðkendur knattspyrnuhreyfingarinnar nægilega fyrir þeirra ötula starf. Tindastóll er eitt af frumkvöðlafélögum í þeim efnum og sumarið 2016 verður 30. sumarið í röð sem Tindastóll heldur úti móti. Það er því ekki nokkur spurning að Tindastóll er vel að Grasrótarverðlaunum KSÍ komið.

Iðkendafjöldi


Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

ÍSí tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar eru í árslok 2016 eru fyrir árið 2015. Sem fyrr eru langflestir iðkendur hjá KSÍ, og fjölgar þeim nokkuð milli ára 2014 og 2015. Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölgar um 4% milli ára og voru iðkendur árið 2015 alls 23.571 talsins. Þetta er fjölgun um 926 iðkendur frá árinu 2014.

Stúlkum fjölgar hlutfallslega minna en strákuum. Árið 2014 voru 7.226 stúlkur að æfa knattspyrnu en árið 2015 voru þær 7.369 talsins. Þetta er aukning upp á 1,9%.

Drengir í knattspyrnu árið 2014 voru 15.419 að tölu. En fjöldi drengja árið 2015 var 16.202. Þetta er aukning upp á 5%.

Geta þarf þess að í tölum ÍSí er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSí er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra.



Knattspyrnskóli KSÍ

Knattspyrnskóli KSÍ var haldinn að Laugarvatni. Leikmenn í Knattspyrnskóla KSÍ 2016 voru fæddir árið 2002 og hvert félag mátti senda eina stúlku og einn dreng í Knattspyrnskólann.

Knattspyrnskóli stúlkna var dagana 13.-17. júní. 35 stúlkur sóttu skólann en skólastjórar voru Mist Rúnarsdóttir og Guðrún Þóra Elfar. Gestaþjálfarar að þessu sinni voru Úlfar Hinriksson og Þjálfarar og leikmenn frá mfl. kvenna hjá Selfossi.

Knattspyrnskóli drengja var dagana 6.-10. júní. 45 drengur sótti skólann en skólastjórar voru Freyr Sverrisson og Gunnar Guðmundsson. Gestaþjálfari að þessu sinni var Halldór Björnsson.

Markmannsskóli KSÍ

Líkt og undanfarin ár hélt KSÍ úti Markmannsskóla drengja og stúlkna á Akranesi. Öllum félögum á landinu býðst að senda tvo drengi og tvær stúlkur á 4. flokks aldri í Markmannsskóla KSÍ.

Markmannsskóli drengja fór fram dagana 28.-30. október. Að þessu sinni sóttu 46 drengir frá 26 félögum Markmannsskólann. Skólastjóri var Lúðvík Gunnarsson.

Markmannsskóli stúlkna fór fram dagana 4.-6. nóvember. 39 stúlka frá 24 félögum sóttu skólann að þessu sinni. Skólastjóri var Aldís Ylfa Heimisdóttir.

Tíu markmannspjálfarar komu að þjálfun í Markmannsskóla KSÍ að þessu sinni. KSÍ kann þeim bestu þakkir fyrir þeirra störf. Markmannspjálfararnir voru:

Atli Jónasson, Árni Snær Ólafsson, Elías Örn Einarsson, Gunnar Sigurðsson, Hajrudin Cardaklija, Páll Gísli Jónsson, Sandra Sigurðardóttir, Skarphéðinn Magnússon, Þorleifur Óskarsson og Þorsteinn Magnússon.

Erlend samskipti

- Vignir Þormóðsson formaður og Dagur Sveinn Dagbjartsson fóru á grasrótarráðstefnu Norðurlandanna sem haldin var í Danmörku dagana 19.-21. september. Helstu umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru *Club Development* og *Football Fitness*.
- Guðlaugur Gunnarsson og Darri McMahon, framkvæmdastjóri hjá Íþróttafélaginu Ösp, fóru á ráðstefnu í Belgíu um knattspyrnu fatlaða. Ráðstefnan var á vegum Evrópuvæðingar Special Olympics.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

- Dagur Sveinn Dagbjartsson og Hákon Sverrisson, kennari á þjálfaranámskeiðum KSÍ, fóru á Grasrótarráðstefnu UEFA sem haldin var í Slóveníu í apríl.

Að lokum

Í grasrótastarfinu er höfð að leiðarljósi sú meginregla að knattspyrna er fyrir alla, óháð staðsetningu, kyni, aldri, getu eða líkamlegu atgervi. Við getum verið stolt af öllu okkar mikla grasrótastarfi í knattspyrnunni um allt land. Þetta starf er að stærstu leyti unnið í sjálfböðavinnu á félagslegum grunni hjá aðildarfélögum KSÍ, sem verður seint fullþakkað.

Það er alveg ljóst að við stöndum framarlega miðað við þær þjóðir sem við miðum okkur helst við, en verðum samt ávallt að vera á tánum og halda ótrauð áfram að kynna knattspyrnuna fyrir sem flestum með fræðslu, fjármagni og almennri kynningu. Nú með glæsilegum árangri landsliða okkar og þá sérstaklega A-landsliðs karla eykst áhuginn vonandi enn frekar og þurfum við að nota þann meðbyr til enn betri verka.

Samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum útbreiðslunefndar, sem og öðru starfsfólki KSÍ þakka ég ánægjulegt og gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem unnu að grasrótastarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra mikla og óeigingjarna starf.

*Vignir Már Þormóðsson,
formaður útbreiðslunefndar.*

Úrtökumót KSÍ 2016-Drengir f. 2001

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Guðjón Breki Guðmundsson	KA	Ingólfur Birnir Þórarinnsson
Afturelding	Ísak Snær Þorvaldsson	Keflavík	Gunnólfur Björgvin Guðlaugsson
AGF	Jón Jökull Hjaltason	Keflavík	Björn Aron Björnsson
Breiðablik	Egill Darri Þorvaldsson	KR	Finnur Tómas Pálmason
Breiðablik	Karl Friðleifur Gunnarsson	KR	Arnar Óli Sigþórsson
Breiðablik	Stefán Ingi Sigurðarson	KR	Ómar Castaldo Einarsson
Breiðablik	Benedikt Waren	Leiknir F.	Sæþór Ívar Viðarsson
Breiðablik	Ólafur Karel Eiríksson	Leiknir R.	Vuk Oskar Dimitrijevic
Breiðablik	Birkir Örn Sigurðsson	Michigan	Siggi Aaron Tu
Breiðablik	Nikola Dejan Djuric	Njarðvík	Elís Már Gunnarsson
FH	Einar Örn Harðarsson	Njarðvík	Falur Orri Guðmundsson
FH	Arnar Sigþórsson	Reading	Jökull Andrésson
Fjölirnir	Sigurjón Daði Harðarsson	Selfoss	Martin Bjarni Guðmundsson
Fjölirnir	Valgeir Lunddal Friðriksson	Selfoss	Brynjólfur Þór Eypórsson
Fjölirnir	Jóhann Árni Gunnarsson	Sindri	Kári Svan Gautason
Fjölirnir	Atli Fannar Hauksson	Skallagrímur	Brynjar Snær Pálsson
Fjölirnir	Birkir Örn Þorsteinsson	Stjarnan	Sölvi Snær Fodilsson
Fjölirnir	Viktor Andri Hafþórsson	Stjarnan	Helgi Jónsson
Fram	Rafael Stefán Danielsson	Stjarnan	Arnór Ingi Kristinsson
Fram	Aron Snær Ingason	Stjarnan	Arnar Ingi Valgeirsson
Fylkir	Leó Örn Reynisson	Stjarnan	Davíð Logi Óskarsson
Fylkir	Stígur Annel Ólafsson	Stjarnan	Róbert Hauksson
Grindavík	Símon Logi Thasaphong	Vestri	Þráinn Ágúst Arnaldsson
Grótta	Daði Már Patrekur Jóhannsson	Vestri	Þórður Gunnar Hafþórsson
Haukar	Carlos Magnús Rabelo	Víkingur Ó.	Benedikt Björn Ríkhartsson
HK	Jón Kristinn Ingason	Víkingur R.	Unnar Egilsson
ÍA	Gísli Laxdal Unnarsson	Víkingur R.	Orri Þórhallsson
ÍA	Benjamín Mehic	Víkingur R.	Bjarki Kristjánsson
ÍA	Marteinn Theodórsson	Völsungur	Atli Barkarsson
ÍBV	Jón Kristinn Elíasson	Þór	Heimir Óðinsson
KA	Eyþór Ernir Þórarinnsson	Þór	Páll Veigar Ingvason
KA	Sveinn Margeir Hauksson	Þróttur N.	Andri Gunnar Axelsson
KA	Birgir Baldvinsson	Þróttur N.	Adam Örn Guðmundsson
KA	Þorsteinn Már Þorvaldsson	Þróttur R.	Birgir Ísar Guðbergsson

Úrtökumót KSÍ 2016-Stúlkur f. 2001

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Eva Rut Áspórsdóttir	KR	Hildur Björg Kristjánsdóttir
BÍ	Lára Ósk Albertsdóttir	KR	Helga Rakef Fjalarsdóttir
Breiðablik	Eva Alexandra Kristjánsdóttir	Leiknir F	Elísabet Eir Hjálmarsdóttir
Breiðablik	Guðrún Pebea Acheampong	Selfoss	Barbára Sól Gísladóttir
Breiðablik	Hildur Þóra Hákonardóttir	Sindri	Hafdís Yr Sævarsdóttir
Breiðablik	Rebekka Ágústsdóttir	Sindri	Edda Björg Eiríksdóttir
FH	Úfa Dís Úlfarsdóttir	Stjarnan	Sylvía Birgisdóttir
FH	Helena Ósk Hálfánardóttir	Stjarnan	Anna María Björnsdóttir
FH	Sigrún Björg Ólafsdóttir	Stjarnan	Birna Jóhannsdóttir
FH	Diljá Yr Zomers	Tindastóll	Berglind Björg Sigurðardóttir
Fjölirnir	Eva Karen Sigurdórsdóttir	Tindastóll	María Dögg Jóhannesdóttir
Fylkir	Brigita Morkute	Valur Reyk.	Hallgerður Kristjánsdóttir
Fylkir	Þóra Kristín Hreggviðsdóttir	Valur Reyk.	Ísbella Anna Húbertsdóttir
Grötta	Hekla Kristín Birgisdóttir	Valur Reyk.	Signý Ylfa Sigurðardóttir
Grötta	Valgerður Helga Ísaksdóttir	Valur Reyðarf.	Halldóra Birta Sigfúsdóttir
Haukar	Sæunn Björnsdóttir	Víkingur Ó.	Fehima Purisevic
HK	Laufey Elísa Hlynsdóttir	Víkingur Ó.	Birta Guðlaugsdóttir
HK	Margrét Ákadóttir	Víkingur R.	Ísabella Herbjörnsdóttir
Höttur	Halla Helgadóttir	Víkingur R.	Margrét Friðriksson
ÍA	Katrín María Óskarsdóttir	Víkingur R.	Brynhildur Vala Björnsdóttir
ÍA	Ásta María Búadóttir	Víkingur R.	Linda Líf Boama
ÍA	Karen Rut Finnbogadóttir	Völsungur	Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir
ÍA	Róberta Lilja Ísólfisdóttir	Völsungur	Krista Eik Harðardóttir
ÍBV	Elísa Björk Björnsdóttir	Þór	Ingibjörg Halla Ólafsdóttir
KA	Karen Sigurgeirsdóttir	Þór	Rut Jónsdóttir
KA	Hildur Marín Bjarnadóttir	Þór	Aldís María Jóhannsdóttir
Keflavík	Sigurbjörg Eiríksdóttir	Þór	Hulda Karen Ingvarsdóttir
Keflavík	Katla María Þórðardóttir	Þóttur R.	Lovísa Halldórsdóttir
Keflavík	Íris Una Þórðardóttir		

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

Knattspyrnuskóli KSÍ 2016 - Drengir fæddir 2002

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Elmar Kári Enesson Covic	KFR	Heiðar Óli Guðmundsson
Austri	Heiðar Snær Ragnarsson	Kormákur	Emil Óli Pétursson
Breiðablik	Kristján Gunnarsson	KR	Valdimar Daði Sævarsson
Dalvík	Viktor Máni Davíðsson	Leiknir R.	Marko Zivkovic
Einherji	Björgvin Geir Garðarsson	Njarðvík	Bergsteinn Freyr Árnason
FH	Baldur Logi Guðlaugsson	Reynir S.	Kristján Mark Jónsson
Fjölnir	Vilhjálmur Yngvi Hjálmarsson	Selfoss	Sigurður Óli Guðjónsson
Fram	Mikael Egill Ellertsson	Sindri	Sigursteinn Már Hafsteinsson
Fylkir	Kári Sigfússon	Skallagrímur	Marvin Logi Nindel Haraldsson
Grindavík	Ólafur Reynir Ómarsson	Stjarnan	Róbert Orri Ragnarsson
Gróttá	Sindri Freyr Jóhannsson	Tindastóll	Jón Gísli Eyland Gíslason
Hamar	Atli Þór Jónasson	Valur Reyðarf.	Bóas Kár Garski Ketilsson
Haukar	Óskar Örn Bjarnason	Valur Reyk.	Benedikt Gunnar Óskarsson
HK	Valgeir Valgerisson	Vestri	Guðmundur Arnar Svavarsson
Hvöt	Daníel Logi Hreiðarsson	Víðir	Kristján Már Vignisson
Höttur	Gunnþór Elís Georgsson	Víkingur Ó.	Bjartur Bjarmi Bjarkarson
ÍA	Oliver Stefánsson	Víkingur R.	Jóhann Þór Vilhjálmsson
ÍBV	Arnar Breki Gunnarsson	Völsungur	Rafnar Máni Gunnarsson
ÍR	Róbert Andri Ómarsson	Þór	Elmar Þór Jónsson
KA	Viktor Smári Elmarsson	Þróttur N.	Börfur Marinósson
KA	Arnór Ísak Haddason	Þróttur R.	Baldur Hannes Stefánsson
Keflavík	Davíð Snær Jóhannsson	Þróttur V.	Róbert Andri Drzymkowski
KF	Gísli Marteinn Baldvinsson	Ægir	Viktor Karl Halldórsson

Knattspyrnuskóli KSÍ 2016 - Stúlkur fæddar 2002

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Hafrún Rakel Halldórsdóttir	KR	Kristín Erla Ó Johnson
Breiðablik	Ísabella Arnarsdóttir	Leiknir R.	Oliwia Bucko
Breiðablik	Hrafnhildur Hólm Guðnadóttir	Neisti	Hafrún Alexía Ægisdóttir
Einherji	Viktoría Einarsdóttir	Reynir	Þórsteina Þöll Árnadóttir
FH	Valgerður Ósk Valsdóttir	Selfoss	Ísabella Sara Halldórsdóttir
Fjölnir	Tinna Sif Aðalsteinsdóttir	Sindri	Harpa Lind Helgasóttir
Fjölnir	Silja Rut Rúnarsdóttir	Stjarnan	Birta Georgsdóttir
Fram	Halldóra Sif Einarsdóttir	Valur Reyðarf.	Hafdís Ágústsdóttir
Fylkir	Ída Marín Hermannsdóttir	Valur Reyk.	Anna Hedda Björnsdóttir Haaker
Grindavík	Aníta Sif Kristjánsdóttir	Vestri	Hafdís Bára Höskuldóttir
Gróttá	Anja Íris Brown	Víðir	Arnhildur Unnur Kristjánsdóttir
Haukar	Dagbjört Freyja Reynisdóttir	Víkingur Ó.	Birgitta Sól Vilbergsdóttir
HK	Valgerður Lilja Arnarsdóttir	Víkingur R.	Ísafold Þórhallsdóttir
Höttur	Ásdís Hvönn Jónsdóttir	Víkingur R.	Hildur Sigurbergsdóttir
ÍA	Erla Karítas Jóhannesdóttir	Völsungur	Elfa Mjöll Jónsdóttir
ÍBV	Clara Sigurðardóttir	Þór	Berglind Halla Þórðardóttir
ÍR	María Harðardóttir	Þróttur R.	Sara Júlíusdóttir
KA	Helga María Viðarsdóttir	Þróttur R.	Júlía Dagbjört Styrmisdóttir
Keflavík	Herdís Birta Sölvadóttir	Þróttur V.	Thelma Mist Oddsdóttir
KFR	Selma Friðriksdóttir		

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2016

Markmannsskóli KSÍ 2016-Drengir

Nafn	Félag	Nafn	Félag
Heimir Jón Enesson Covic	Afturelding	Grímur Már Arnarsson	KA
Börkur Darri Hafsteinsson	Breiðablik	Einar Ari Ármannsson	KA
Daníel Dagur Bogason	Breiðablik	Sigurpáll Sören Ingólfsson	KR
Hafþór Bjartur Sveinsson	FH	Hrafnkell Goði Halldórsson	KR
Halldór Máni Harðarson	FH	Pálmi Rafn Arinbjörnsson	Njarðvík
Sófus Máni Bender	Fjölnir	Natan Þór Jónsson	Selfoss
Axel Ýmir Jóhannsson	Fjölnir	Gunnar Hans Júlíusson	Selfoss
Torfi Geir Halldórsson	Fram	Björgvin Bergur Hannesson	Sindri
Kristján Örn Stefánsson	Fram	Davíð Pétursson	Skallagrímur
Garðar Þorvaldsson	Fylkir	Bjarki Arnaldarson	Stjarnan
Máni Örvar Örvarsson	Fylkir	Viktor Reynir Oddgeirsson	Stjarnan
Ólafur Reynir Ómarsson	Grindavík	Heimir Tjörvi Magnússon	Valur
Krummi Kaldal Jóhannsson	Gróttta	Alexander Þórisson Hraundal	Valur
Davíð Ingi Másson	Gróttta	Jón Guðni Pétursson	Vestri
Steinar Benóný Gunnbjörnsson	Hamar	Stefán Freyr Jónsson	Vestri
Ólafur Örn Ásgeirsson	HK	Anton Erik Antonsson	Víkingur Ó.
Nökkvi Þór Eðvarðsson	HK	Jason Jens Illugason	Víkingur Ó.
Olaf Zablocki	ÍA	Jóhann Borg Kristjánsson	Víkingur R.
Þorgeir Örn Bjarkason	ÍA	Uggi Auðunsson	Víkingur R.
Georg Rúnar Ingimarsson	ÍBV	Helgi Hjörvar Hjartarson	Þór
Einar Örn Valsson	ÍBV	Elvar Máni Ólafsson	Þór
Jóhann Bjarki Birgisson	ÍR	Jason Hagalín Jónasson	Þróttur R.
Halldór Óskar Gautason	ÍR	Albert Elí Vigfússon	Þróttur R.

Markmannsskóli KSÍ 2016-Stúlkur

Nafn	Félag	Nafn	Félag
Cecilía Rán Rúnarsdóttir	Afturelding	Sunna Dís Sigvaldsdóttir	KA
Birgitta Eysteinsdóttir	Breiðablik	Jóna Margrét Arnarsdóttir	KA
Þórhildur Anna Traustadóttir	Breiðablik	Katrín Kristjánsdóttir	KR
Elma Karen Gunnarsdóttir	FH	Elínborg Guðmundsdóttir	Selfoss/Hamar/Ægir
Þórdís Ösp Melsteð	FH	Ísabella Rán Bjarnadóttir	Selfoss/Hamar/Ægir
Ladylene Ýr Atladóttir	Fjölnir	Elínóra Kristjánsdóttir	Skallagrímur
Gunnhildur Óttósdóttir	Fylkir	Anna Ragnhildur Sól Ingadóttir	Stjarnan
Sigurbjörg Sigurpálsdóttir	Grindavík	Kristín Anna Smári	Valur
Rebekka Rut Hjámarsdóttir	Grindavík	Jóhanna Ýr Barðadóttir	Vestri
Tinna Brá Magnúsdóttir	Gróttta	Rósbjörg Edda Rúnarsdóttir	Vestri
Jenný Guðmundsdóttir	Gróttta	Aldís Guðlaugsdóttir	Víkingur Ó.
Silja Karen Sveinsdóttir	Haukar	Aníta Ólafsdóttir	Víkingur Ó.
Maren Júlía Magnúsdóttir	HK	Sóllilja Róbertsdóttir	Víkingur R.
Inga Rós Ingimundardóttir	HK	Dagbjört Lilja Danielsdóttir	Völsungur
Friðmey Ásgrímsdóttir	ÍA	Emma Þöll Hilmarsdóttir	Völsungur
Arnheiður Anna Hallvarðsdóttir	ÍA	Kristlaug Eva Wium Elíasdóttir	Þór
Sigurlaug Sigmundsdóttir	ÍBV	Harpa Sigurðardóttir	Þór
Rakel Oddný Guðmundsdóttir	ÍBV	Harpa Rósey Qingqin Pálmadóttir	Þróttur R.
Elísabet Lilja Ísleifsdóttir	ÍR	Soffía Sól Andrésdóttir	Þróttur R.
Sigríður Birta Magnúsdóttir	ÍR		

Skýrsla hæfileikanefndar

Í hæfileikanefnd árið 2016 sátu Ingvar Guðjónsson formaður, Einar Hermannsson, Hjördís Baldursdóttir, Kristbjörg Ingadóttir, Jóhann Torfason, Ótthar S. Edvardsson, Pétur Ólafsson, Unnsteinn Jónsson og Þorsteinn Hilmarsson. Starfsmaður nefndarinnar og umsjónarmaður með hæfileikamótun KSÍ árið 2016 var Halldór Björnsson.

Hæfileikanefnd KSÍ er skipuð og starfar samkvæmt ákvæði 29. greinar laga KSÍ og er ætlað að skipuleggja í samráði við landsliðsnefndir hæfileikamótun yngri leikmanna.

Lýkilverkefni nefndarinnar er hæfileikamótun KSÍ og N1, sem var í umsjón Halldórs Björnssonar. Halldór fór vítt og breitt um landið, fundaði með fulltrúum félaga, hélt fyrirlestra fyrir iðkendur og stjórnaði æfingum. Á milli 500-600 krakkar á aldrinum 13-14 ára aldri, strákar og stelpur, tóku þátt í verkefninu.

Halldór fór tvo hringi um landið og var með yfir 40 æfingar og fyrirlestra um land allt.

- Í fyrri hringnum heimsótti hann; Hveragerði, Vestmannaeyjar, Höfn, Reyðarfjörð, Akureyri, Ísafjörð, Akranes, Reykjanesbæ, Reykjavík og Kópavog.
- Í seinni hringnum heimsótti hann; Hvolsvöll, Egilsstaði, Dalvík, Grundarfjörð, Grindavík, Reykjavík og Kópavog.

Í fyrri hringnum voru það félögin sjálf sem tilnefndu leikmenn en í þeim síðari valdi KSÍ leikmenn til æfinga.

Í september 2016 var svo Hæfileikamót KSÍ og N1 haldið í Kórnum í Kópavogi þar sem um 200 krakkar, strákar og stelpur, komu saman. Þar var einnig boðið upp á fyrirlestra þar sem landsliðsþjálfararnir Heimir Hallgrímsson og Freyr Alexandersson heilsuðu upp á krakkara auk þess sem Friðrik Ellert Jónsson, sjúkráþjálfari A-landsliðs karla, og Agnes Þóra Árnadóttir næringarfræðingur héldu fyrirlestra.

Helstu markmið hæfileikamótunar KSÍ og N1:

- Fjölga þeim leikmönnum sem fylgst er með.
- Fylgjast með yngri leikmönnum en áður og undirbúa þá fyrir hefðbundnar landsliðsæfingar.
- Koma til móts við minni staði á landsbyggðinni og mæta þeirra þörfum.
- Koma til móts leikmenn stærri félaga á höfuðborgarsvæðinu sem að öllu jöfnu væru ekki valdir á landsliðsæfingar.
- Bæta samskipti við aðildarfélögin og kynna fyrir þeim stefnu KSÍ í landsliðsmálum.
- Undirbúa leikmenn enn betur til þess að mæta á landsliðsæfingar seinna með fræðslu.

Lokaorð

Ég vil þakka meðnefndarmönnum og starfsmanni nefndarinnar fyrir gott starf á árinu.

Ingvar Guðjónsson, formaður

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir árið 2016: Gísli Gíslason, formaður, Bjarni Þór Hannesson, Margrét Leifsdóttir, Kristján Ásgeirsson, Jón Runólfsson, Rúnar V. Arnarsson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson. Nefndin hélt 4 bókaða fundi á starfsárinu og nokkra óformlega fundi um afmörkuð málefni.

Samkvæmt venju fór mannvirkjanefnd yfir umsóknir um vallarleyfi og umsóknir í mannvirkjasjóð KSÍ. Ljóst er að víða eru í undirbúningi og annars staðar komin til framkvæmdar uppbygging valla og knatthúsa. M.a. má nefna endurnýjun og lagfæringar á velli Þróttar í Laugardal, gervigras á Sauðárkróki, knatthús í Kapplakrika og á Hlíðarenda, gervigras á Hlíðarenda og í Garðabæ, endurnýjun æfingarsvæðis á Akranesi, endurnýjun gervigrass í Boganum á Akureyri og víðar. Aukinn framkvæmdahugur félaga og sveitarfélaga er meiri um þessar mundir en oft áður og undirstirkar það mikilvægi mannvirkjasjóðs og "Hat trick" framlaga UEFA.

Nefndin fjallaði einnig um öryggismál á völlum m.a. öryggi áhorfenda og ákvæði byggingarreglugerðar um frágang mannvirkja. Í því sambandi var m.a. fjallað um atvik sem átti sér stað á Þórsvelli á Akureyri fyrir all nokkru og túlkun byggingarreglugerðar um hæð handriða og fallvarna. Nefndin telur mikilvægt að frágangur öryggisatriða uppfylli án undantekninga skýrar reglur byggingareglugerðar og að fyrir liggja úttekt viðeigandi aðila á mannvirkjum.

Ljóst er að vellir uppfylla almennt þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt reglugerð og þau atriði sem þarfnast úrbótar verða sífellt smærri. Þó eru nokkur stærri tilvik sem enn eru óleyst og snúa aðallega að þaki á áhorfendastúkur.

Nokkur umræða varð um gúmmíkurl í gervigrasi en Umhverfisstofnun gerði skýrslu um efnið sem fjallað var um auk þess sem formaður nefndarinnar fór á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem þessi mál voru rædd. Afstöðu mannvirkjanefndar og KSÍ má sjá í þeirri breytingu sem gerð var á reglugerð um knattspyrnuleikvanga, en þar segir: "Kurl í grasi skal vera af viðurkenndri gerð og án efna sem teljast skaðleg heilsu eða mengandi."

Mannvirkjanefnd mælti með því að veittur yrði styrkur til að ljúka rannsóknarverkefni um áhrif hitunar grassvæða á grasvöxt.

Nefndin fjallaði um sparkvelli og sparkvallaátak KSÍ á árunum 2004 til 2007 og telur rétt að kanna hvort unnt sé að efna til samsvarandi átaks ekki síst í ljósi þess að upphaflegir vellir og það gervigras sem lagt var, eru komnir til ára sinna. Málinu var vísað til stjórnar KSÍ.

Fjallað var um tvær undanþágubeiðnir vegna öryggissvæða gervigrasvalla, annars vegar í Garðabæ, þar sem unnið er að undirbúningi valla í D flokki og hins vegar gervigrasvalla á Sauðárkróki. Nefndin var sammála um að vellirnir uppfylltu ákvæði reglugerðar um leikvanga um undanþágur þar sem lágmarks öryggissvæði væri í samræmi við reglur.

Á fundum nefndarinnar var kynnt staða mála varðandi Laugardalsvöll og hugmyndir að endurbótum á vellinum, en fyrir liggja tvær skýrslur, annars vegar um könnun á fýsileika verkefnisins og hins vegar um fjárhagsleg atriði.

Fjallað var um eins og tveggja stjörnu vottun gervigrasvalla og nýjar tegundir gervigrass, sem hafin er framleiðsla á. Megin afstaða nefndarinnar birtist í því að skilyrði fyrir viðurkenningu á gervigrasi eru skýr í reglugerð um knattspyrnuleikvanga. Nýjar tegundir tegundir gervigrass verða því að uppfylla skilyrði FIFA og UEFA til þess að falla fá viðurkenningu á Íslandi.

Gísli Gíslason, formaður

Heiðursviðurkenningar

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningar á árinu 2016

Kristinn R Jónsson	Fram	70. ársþing KSÍ	Gull
Guðbjörn Tryggvason	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Gunnlaugur Jónsson	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Halldóra Gylfadóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Jónína Víglundsóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Karl Þórðarson	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Gull
Kári Steinn Reynisson	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Kristín Aðalsteinsdóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Laufey Sigurðardóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Magnea Guðlaugsdóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Margrét Ákadóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Pálmi Haraldsson	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Ragnheiður Jónasdóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Sigmundur Ámundason	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Gull
Steindóra Steinsdóttir	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Sturlaugur Haraldsson	ÍA	70 ára afmæli ÍA	Silfur
Valdemar Einarsson	Sindri	70. ársþing KSÍ	Silfur
Guðjón Karlsson	Skallagrímur	100 ára afmæli Skallagríms	Gull
Hilmar Hákonarson	Skallagrímur	100 ára afmæli Skallagríms	Gull
Sigríður Leifsdóttir	Skallagrímur	100 ára afmæli Skallagríms	Silfur
Sigurgeir Erlendsson	Skallagrímur	100 ára afmæli Skallagríms	Silfur
Valdimar K. Sigurðsson	Skallagrímur	100 ára afmæli Skallagríms	Silfur
Þorsteinn Benjamínsson	Skallagrímur	100 ára afmæli Skallagríms	Silfur
Þórður Bachman	Skallagrímur	100 ára afmæli Skallagríms	Silfur
Þórarinn Dúi Gunnarsson	Valur	70. ársþing KSÍ	Gull